

# Bæjarinn besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 15. janúar 1997 • 2. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Fjórir sparisjóðir sameinast um fasteignakaup

## Kaupin eru vís- bending um sam- einingu spari- sjóðanna



Fjórir sparisjóðir á norðanverðum Vestfjörðum hafa sameinast um kaup á húsnæðinu að Aðalstræti 20 á Ísafirði. Viðræður hafa staðið yfir á milli forráðamanna sparisjóðanna fjögurra um hugsanlega sameiningu þeirra, og eru taldar góðar líkur á að þeir sameinist innan tíðar.

sparisjóðsins í Sparisjóð Vestfjarða og myndi hann fyrst um

sinn færa afgreiðslu sína frá Aðalstræti 19 í hið nýja hús-

næði, í náinni samvinnu við forráðamenn hinna sparisjóð-

anna þriggja. Reiknað er með að opna afgreiðsla með vorinu.

Undanfarna mánuði hafa staðið yfir samningaviðræður á milli forráðamanna fjögurra sparisjóða á norðanverðum Vestfjörðum um hugsanlega sameiningu þeirra. Þeir sparisjóðir sem um ræðir eru Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Önundarfjarðar, Sparisjóður Þingeyrarhrepps og Sparisjóður Súðavíkur. Forráðamenn sparisjóðanna hittust á fundi í gær, þriðjudag, og samkvæmt upplýsingum blaðsins var ákveðið á fundinum að halda viðræðunum áfram. Fyrsta skrefið í átt til sameiningar sparisjóðanna fjögurra var tekið á föstudag, er þeir sameinuðust um kaup á húsnæði verslunar G.E. Sæmundssonar hf., við Aðalstræti 20 á Ísafirði, en þar er ráðgert að útibú hins sameinaða sparisjóðs verði til húsa á Ísafirði. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var kaupverð fasteignarinnar um 15 milljónir króna.

Ragnar Jörundsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Súðavíkur sagði í samtali við blaðið að engum blöðum væri um það að flétta að sparisjóðirnir myndu sameinast, spurningin væri hins vegar sú, hvenær sameiningin myndi eiga sér stað. „Við verðum að þjappa okkur saman til þess að vera samkeppnis-

hæfir. Kaupin á húsnæðinu á Ísafirði er ákveðin vísbending um það sem koma skal,” sagði Ragnar. Samkvæmt upplýsingum blaðsins hefur nafnið „Sparisjóður Vestfjarða” verið ofarlega í huga forráðamanna sparisjóðanna fjögurra um heiti á hinni nýju sameinuðu peningastofnun á norðanverðum Vestfjörðum. Við sameiningu sparisjóðanna verður til sparisjóður sem verður sá fimmti stærsti á landinu miðað við innlán.

„Það er hugsanlegt að sameiningin verði tekin í þrepum. Fyrst munu einhverjir tveir sparisjóðir sameinast og hinir tveir komi að síðar á árinu. Með tilkomu afgreiðslu á Ísafirði verður kominn sparisjóður í hvern einasta þéttbýliskjarna á norðanverðum Vestfjörðum. Það er ekki spurning um það að Bolungarvík og Súðavík munu sameinast Ísafjarðarbæ í framtíðinni og þá standa sparisjóðirnir sterkir að vígi að vera með afgreiðslu á hverjum stað til þess að fá viðskipti við sitt sveitarfélag. Þeir gera það ekki nema með því að þjappa sér saman,” sagði Ragnar.

Ragnar sagði að til væri stjórnsamþykkt hjá sparisjóðnum um að breyta nafni

### Samherji og Hrönn sameinast

## „Guggan áfram gul“

Sameining Hrannar hf. á Ísafirði, sem gert hefur út frystiskipið Guðbjörgu, og Samherja hf. á Akureyri hafa vakið hörð viðbrögð víða um land og ekki síst á Vestfjörðum. Þykir mörgum þetta vera enn eitt dæmi um að einstaklingum sé ekki treystandi fyrir forræði fiskveiðheimilda og að þeir nýti þær í eigin þágu og gleymi fólkinu í landinu sem hjálpaði til við öflun þeirra. Aðrir telja að eigendur Hrannar séu í fullum rétti að taka ákvarðanir um hagsmunir sína en finnst að reyna hefði mátt lausn á vanda Hrannar á Vestfjörðum og vitna þar í meintan áhuga Básafells hf. á viðræðum við Hrönn hf.

Hvorugur aðili virðist þó hafa lýst yfir á formlegan hátt áhuga á viðræðum um samstarf eða sameiningu þótt forsvarsmenn Básafells játi að þeir hefðu haft áhuga ef til þeirra hefði verið leitað.

Með sameiningu Hrannar og Samherja er orðið til stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og hefur fyrirtækið tæplega 25.000 tonna kvóta innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Samherji ásamt Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum og Haraldi Böðvarssyni á Akranesi munu nú hafa yfir að ráða þriðjungi fiskveiðheimilda á landsvísi.

Ljóst er að sameiningin og ótti Vestfirðinga við að missa 3.400 tonna kvóta Guðbjargar



úr fjórðungnum ásamt því að fullkomaasta fiskiskip landsins væri ef til vill á förum norður til Akureyrar, hefur valdið miklum vangaveltum um fiskveiðistjórnunarkerfið sem nú er við lýði og hafa alþingismenn eins og Einar Kristinn Guðfinnsson lýst yfir að breytinga sé þörf.

Ísfirðingar og Vestfirðingar virðast þó ekki þurfa að óttast að Guðbjörgin hverfi til nýrra lendna því bæði Samherjamenn

og Hrannarmenn hafa keppt við að lýsa yfir að Guðbjörg verði áfram gerð út frá Ísafirði og með sömu áhöfn. Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri Samherja, hefur meira að segja látið hafa eftir sér að; „Guggan verður áfram gul og verður gerð út frá Ísafirði,” og segist bjartsýnn á starfsemi Samherja á Ísafirði.

Sjá nánar frétt og yfirlýsingu á bls. 6 og 7.

Blaðsíða 5

Eru stjórnvöld heillaus?



Blaðsíða 8

Afríkuverkurinn er kominn til að vera



Blaðsíða 16

37 milljónir falla á Súðavíkurhrepp



# Spurningin

Eru Vestfirðingar vælu-skjóður?



Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður:

„Nei, ég er nú ekki þeirrar skoðunar. Hinsvegar er ekki því að neita að þeir hafa gjarnan kennt kvótakerfinu um ofarir í atvinnulífnum og einkum þegar illa gengur hjá einstökum fyrirtækjum. Ég er á þeirri skoðun að menn hafi gert of mikið af því að gera kerfið að blóraböggli í þeim efnum. Kvótakerfið og í raun hvert annað mannana verk hefur alltaf einhver áhrif á skilyrði í atvinnulífnum og ég held að það hafi verið það sem fréttamaðurinn var að vísa til.“

*Erfiðleikar í atvinnu-  
málum á Þingeyri og nú síðast  
sameining Samherja og  
Hrannar hafa vakið upp  
umræður í öllum helstu  
fjölmíðlum landsins. Ekki  
hefur verið komist hjá að  
ræða við Vestfirðinga sjálfa  
um þessi mál og eins og við  
vitum þá tölum við tæpi-  
tungulaust og kjarnyrmt mál.  
Ekki erum við heldur að  
draga úr þeim erfðleikum  
sem við blasa. Einhverjir  
hafa orðið til að seija ofan í  
við okkur fyrir „vælið“ en úr  
tök þegar fréttamaður á  
Stöð 2 gat ekki á sér setið  
og sagði eitthvað á þá leið  
að: „Vestfirðingar ættu að  
hætta þessu væli og fara  
bara að gera út.“*

## Naumt tap gegn Skallagrími

# Vallejo hættur hjá KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar tapaði með einu stigi er liðið tók á móti Skallagrími frá Borgarnesi í leik liðanna sem fram fór í Íþróttahúsinu á Torfnesi á föstudag. Lokatölur leiksins urðu 67-66 fyrir gestina. Þrátt fyrir þó nokkra spennu, sérstaklega undir lok leiksins, var um fremur lélegan leik að ræða, sérstaklega af hálfu Ísfirðinga.

Andrew Vallejo, sem leikið hefur með KFÍ frá því keppni hófst í haust, er hættur að leika með liðinu og er von á Kanadamanni í hans stað. Næsti leikur KFÍ er gegn neðsta liði úrvalsdeildar, Breiðabliki, og hefst hann kl. 20 á föstudagskvöld í Íþróttahúsinu á Torfnesi. „Ég er ekki vanur að tala opinberlega um úrslit fyrirfram, en við ætlum að vinna þennan leik,“ sagði Guðjón Þorsteinsson, liðsstjóri KFÍ í samtali við blaðið.

Um síðustu helgi fór fram í Laugardalshöll, stjórnuleikur KKÍ, þar sem tvö séralin úrvalslíð kepptu innbyrðis. Í hálfleik fór fram troðslukeppni og þriggja stiga keppni og sigraði leikmaður KFÍ, Baldur Jónasson í þeirri síðarnefndu. Leikmenn fengu 50 sekúndur til að skjóta 15 boltum og var samtals hægt að fá 20 stig ef allir fóru ofan í. Tveir leikmenn, Guðjón Skúlason, Keflavík og Baldur Jónasson, voru jafnir með 10 stig og þurfti því bráðabana til að knýja fram úrslit. Baldur gerði sér lítið fyrir og sigraði.



Baldur Jónasson, þriggja stiga skytta KFÍ.

## Vinna við neyðaráætlun á Flateyri lokið

# Neyðaráætlun fyrir Ísafjörð á lokastigi

Sigríður Hrönn Elíasdóttir er svæðisstjóri Rauða krossins á Vestfjörðum. Hún hefur í samstarfi við heimamenn á hverjum stað, unnið að gerð neyðaráætlana og hefur nú lokið fyrsta verkefnum sem er áætlun fyrir Flateyri og Önundarfjörð.

Rauði kross Íslands er hjálparaðili að Almanna- og Vörðum ríkisins og hefur það hlutverk að sjá um fjölda hjálparstöðvar í

neyðartilvikum sem geta skapast t.d. vegna snjóflóða eða hættu á snjóflóðum. Að sögn Sigríðar Hrannar hefur Rauði krossinn verið duglegur að halda námskeið fyrir sitt fólk en eitt slíkt námskeið var haldið á Flateyri á síðast ári og var það mjög vel sótt. „Námskeiðin byrja með kynningu á Rauða krossinum. Síðan gerir fulltrúi Almanna- og Vörðum ríkisins grein fyrir hlutverki Almanna- og

Vörðum, fulltrúi Landsbjargar útskýrir hlutverk björgunarsveita og þátttakendur eru upplýstir um fyrstu hjálp. Að lokum eru verklegar æfingar þar sem þátttakendur eru skipt í hópa og þeir m.a. látnir sjá um opnun fjölda hjálparstöðva.“

Sigríður Hrönn segir að vinna við neyðaráætlunir fyrir Ísafjörð og Bolungarvík séu á lokastigi og að aðrir séu að vinna að sínum.

## Vestfirðir

# Veiðieftirlitsmaður ráðinn

Jón Ellert Guðjónsson hefur verið ráðinn veiðieftirlitsmaður hjá Fiskistofu með aðsetur á Ísafirði. Að sögn Atla Atlasonar, starfsmanna- og fjármálastjóra, sóttu 10-15 manns um stöðuna og að Jón hafi verið ráðinn m.a. vegna fyrri starfa fyrir Fiskistofu og eins þess að hann var tilbúinn að flytjast á Ísafjörð.

Hlutverk Jóns verður að annast hefðbundin störf veiðieftirlitsmanns m.a. í sambandi við kvóta- og vigtarmál. Auk þessa mun Jón hafa umsjón með landamærastöð sem sett verður upp á Ísafirði innan tíðar. Aðspurður sagði Atli að margir umsækjanda hefðu verið mjög hæfir og orðið hafi að velja einn úr, eins og svo oft áður þegar margir sækja um.

## Ísfirðingafélagið

# Sólarkaffi

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík verður haldið laugardagskvöldið 25. janúar nk., að Hótel Íslandi. Húsið opnar kl. 20:00 en kl. 20:30 hefst hefðbundin hátíðardagskrá með kaffi og rjómapönnukökum.

Einungis ísfriskir skemmtikraftar munu skemmta á hátíðinni. Hátíðaræðu kvöldsins flytur Halldór Hermannsson og ef að líkum lætur, mun hann láta gammann geysa. Að skemmtiatriðum loknum verður stígnin dans til kl. 03:00.

Að þessu sinni eru í skemmtinefnd þeir Jón Björn Sigtryggsson, Konráð Eyjólfsson og Rafn Jónsson. Forsala aðgöngumiða á hátíðina fer fram að Hótel Íslandi, laugardaginn 18. janúar frá kl. 14-16. Borð verða tekin frá á sama tíma. Miða- og borðpantanir eru auk þess í síma 568 7111 dagana 21.-25. janúar frá kl. 13-17, ef greitt er með greiðslukortum.

## Náttúrustofa

# Starfsmaður ráðinn

Þorleifur Eiríksson hefur verið ráðinn forstöðumaður Náttúrustofu í Bolungarvík frá 1. janúar 1997. Þorleifur, sem er fæddur 1956, er doktor í dýrafræði frá Háskólanum í Stokkhólmi. Að sögn Ólafs Kristjánssonar, bæjarstjóra í Bolungarvík, hafa tekist samningar milli bæjarstjórnar Bolungarvíkur og Umhverfisráðuneytisins um Náttúrustofuna og að nú sé unnið að útboðsgögnum og verklýsingu á innréttingum húsnæðis stofunnar að Vitastíg 3.

## Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

### Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólgötu 9,  
400 Ísafjörður  
☎ 456 4560  
☐ 456 4564

### Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson  
Halldór Sveinbjörnsson

### Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

### Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

### Netfang:

hprent@snerpa.is

### Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

# Þessum ólögum verður að eyða

Leiðari

Kaup Samherja á Hrönn hf., eða öllu heldur aflaheimildum Guggunnar, er stærsta og ótakanlegasta dæmið um hriplegt kvótakerfi, sem þjórnar þeim helsta tilgangi að koma yfirráðum mestu auðlindar okkar Íslendinga á fárra manna hendur.

Allt hjál um að almenningur eigi nú orðið svo og svo mikið í útgerðarfélögum eða verði síðar meir gefinn kostur á frekari hlutdeild í þeim er blekking ein, í því augnamiði gerð, að hinir raunverulegu fáu eigendur fáti notið aðstöðu sinnar í friði bak við tjöldin. Almennur, hinn litli hlutabréfæigandi, kemur aldrei til með að ráða einu eða neinu um gang stóru útgerðarinnar í landinu. Í langflestum tilfellum lætur almenningur sig þetta heldur litlu skipta, enda áhuginn á hlutabréfakaupum bundinn við skattaafslætti en ekki útgerð. Þetta vita allir og mest og best þeir, sem lofsyngja hlutabréfakaupin á uppsprengdu verði, sem afar hæpið er að skili sér nokkurn tíma aftur til kaupandans.

Varnaglarnir í fiskveiðistjórnunarlögum, sem tryggja áttu forkaupsrétt heimamanna og koma í veg fyrir að skip og kvóti væru seld frá heimahögum, hafa líkt og annað í þessum lögum reynst vita haldlaus ákvæði. Þannig stendur löggjafinn berstripaður frammi fyrir alþjóð og er aðhláturfærni braskaranna, sem hagnast á ólögum. Almennugi í sjávarþorpum vítt um land er aftur á móti ekki hlátur í huga.

Skipbrot útgerðarfélag Guggunnar, þessa lengst af flaggskips ísfriska

flotans og síðan gullegginn í kórfa eigendanna, sýna okkur í reynd eðli kvótakerfisins. Það er viðurkennt að útgerðarfélagið réð ekki við fjárfestinguna. Guggan var einfaldlega alltof dýr, skuldir of miklar, lánin óhagstæð og hömlur af hálfu norskra seljenda. Þetta slampaðist þó einhvern veginn með óheftum aðgangi að utankvótaaflla og sölu og leigu á úthlutuðum kvóta. Aflatakmarkanir á fjarlægum miðum settu allt í hnút.

Endalok Hrannar hf., fékk „happy end“, að amerískri glansmynda-fyrirmynd, fyrir eigendur fyrirtækisins, sem eru alls góðs maklegir. En það eru takmörk fyrir öllu. „Guðbjörgin breyttist í gull“. Þannig orðaði DV það. Óveiddi fiskurinn í sjónum breytti útgerðinni, sem ekki reis undir skuldum í gull. Já, það eru takmörk fyrir öllu.

Salan á Guðbjörginni er staðreynd. Gildir því nú, sem áður, að eigi skal gráta Björn bónda, heldur safna liði. Það er sjálfsagt að menn selji skip sín eins og aðrar eignir, til þess hafa þeir fullan rétt. En það stríðir gegn öllum lögmálum siðaðra manna, að einstaklingar selji þjóðareign, lögum samkvæmt, sem sína eigin.

Þeim ólögum, sem færna einstaklingum slíkan umráðarétt yfir fjöreggi þjóðarinnar, verður að eyða.

Til þess verks verða menn að safna liði. Það þolir enga bið.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

# Neikvæð umræða um sægreifa

Neikvæð umræða um stór sjávarútvegsfyrirtæki og eigendur þeirra, hina svokölluðu sægreifa, hefur verið mjög áberandi um lengri tíma. Því er m.a. haldið fram að þeir séu að nota sameign íslensku þjóðarinnar til að fjárfesta í áhætturekstri erlendis. Eitt þeirra fyrirtækja sem verið

hefur mikið í umræðunni er Samherji hf. á Akureyri. Framkvæmdastjóri Samherja er Þorsteinn Már Baldvinsson og í samtali við BB kom fram hjá honum að hann teldi þessa gagnrýni ekki réttláta.

„Ég held að menn ættu frekar að vera stoltir af að Íslendingar stundi sjávarútveg er-

lendis og fari út með sína þekkingu. Það er ljóst að það sem Samherji er að gera mun skapa mjög mikla vinnu. Við höfum verið að láta smíða hér færubönd, kaupa flokkara og veiðarfæri og við erum að nota íslenska sjómenn. Við erum ekki að nota sameign íslensku þjóðarinnar í þetta það er alveg af

og frá. Við höfum fengið lánsfé til þessara erlendu verkefna en þau hafa tekist vel. Við höfum gaman af þeim og lítum björtum augum á þau til lengri tíma lítið. Munurinn á íslensku verkefnum og þeim erlendu er sú neikvæða umræða sem fram fer hérlendis um sægreifa en við erum lausir við hana úti.

## Ísafjarðarbær

# Eitt atvinnusvæði - eða hvað?

Eitt af markmiðunum með sameiningu sveitarfélaga og gerð jarðganga undir Breiðadals- og Botsheiði, var að gera norðanverða Vestfirði að einu atvinnusvæði. Mörgum finnst sem fyrirætlanir þessar hafi farið út um þúfur og að væntingarnar hafi verið meiri en efni stóðu til. Hvað rök færa menn svo fyrir þessu? Þingeyri hefur verið mikið í umræðunni vegna ófremdarástands í atvinnumálum sem skapaðist vegna erfiðleika hjá aðal fiskvinnslufyrirtæki staðarins Fáfni hf, en 68 voru á atvinnuleysiskrá á Þingeyri fyrir jóln. Á Flateyri, sem eins og flestir vita er næsti bær við,

hefur hins vegar verið næg atvinna en fátt um starfsfólk þannig að Kambur, sem er stærsti atvinnuveitandinn á Flateyri, hefur þurft að manna fiskvinnslu sína að helmingi til með erlendu farandverkafólki. Þetta þykir mörgum skjóta skökku við í ljósi göfugra markmiða um eitt atvinnusvæði og þeirrar staðreyndar að veðurfar hefur verið með eindæmum gott í haust og það sem af er vetri og telja að Þingeyringar hefðu getað nýtt sér þá atvinnu sem boðist hefur á Flateyri a.m.k. tímabundið þar til úr rættist í atvinnumálum á Þingeyri.

Um 20-30 mín. akstur er á

milli Þingeyrar og Flateyrar og er leiðin yfirleitt erfið yfirferðar á „eðlilegum vestfirskum vetrum,“ en eins og áður sagði þá hefur veðurfar verið með eindæmum gott í haust og vetur. Reyndar er það svo að engin eru jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar og skal það fært Þingeyringum til tekna.

„Ég get ekki neitað því að þetta er svolítið sérkennileg afstaða því við verðum náttúrulega að reyna að brjóta upp þessa hlekki hugarfarsins og fara að líta á okkur sem íbúa sameiginlegs sveitarfélags á einu atvinnusvæði þar sem íbúar geta þurft og ættu að

sækja atvinnu yfir í næsta byggðarlag. Við vonumst auðvitað til þess að hjól atvinnulífsins fari að snúast á Þingeyri en á meðan svo er ekki þá er ekkert eðlilegra en að fólkið fari til vinnu t.d. á Flateyri. Ég bendi á að viðlíka ástand kom upp í Bolungarvík fyrir tveimur árum þegar fyrirtækjum þar var lokað. Þá var fullt af fólki ekið í rútubíl daglega til starfa t.d. í fiskvinnslufyrirtækjum á Ísafirði og þótti ekki nema eðlilegur hlutur þangað til þeirra mál leystust,“ sagði Þorsteinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, aðspurður um þessi mál.

## Vestfirskur skelfiskur á Flateyri

# Áætlað að hefja vinnslu í apríl

Vestfirskur skelfiskur hf., á Flateyri hefur náð nauðasamningum við flesta kröfuhafa og er gert ráð fyrir að samningarnir fari fyrir dómara í febrúar. Fyrirtækið er að festa kaup á skelfiskveiðiskipi í Bandaríkjunum og hefur það um helmingi meiri burðargetu en Æsa ÍS, sem fórst í Arnarfirði í júlí á síðasta ári. Ráðgert er að vinnsla geti hafist að nýju hjá Vestfirskum skelfiski hf., í apríl.

Nauðasamningarnir fela í sér að fyrirtækið greiðir 20% af öllum kröfum og fellir niður hlutfé um 80%, stefnt er að aukningu hlutfjár síðar. Samningur um kaupin á skipinu frá Bandaríkjunum verður væntanlega undirritaður undir lok þessa mánaðar en það er keypt frá Tampa í Flórída. Skipið er sérstaklega hannað til skelfiskveiða en var síðan breytt til veiða á hörpuskel og krabba. Skipið hefur legið við bryggju um tíma vegna kvótaleyfis.

Ráðgert er að gera nauðsynlegar breytingar á skipinu og er kostnaður við kaupin og breytingarnar áætlaður um 90-100 milljónir króna.



Vestfirskur skelfiskur hf., á Flateyri er um þessar mundir að festa kaup á nýju skipi í stað Æsu ÍS sem fórst í Arnarfirði á síðasta ári. Ráðgera stjórnendur fyrirtækisins að vinnsla geti hafist að nýju í apríl.

## Bergmáls mælingar á þorski á Vestfjarðamiðum

# Rannsóknarleiðangur í janúar

Hafrannsóknarstofnun ætlar að framkvæma bergmáls-mælingar á þorski á Vestfjarðamiðum 15.-27. janúar. Fyrir ári var farið í svipaðan leiðangur í þeim tilgangi að rannsaka „stóru torfuna“ sem stöðugar fréttir bárust af frá sjómönnum á Vestfjarðamiðum. Að sögn Páls Reynissonar, leiðangursstjóra, sást fiskurinn mjög vel þá og var ljóst að mjög mikið af fiski var á

tiltölulega litlu svæði. Þessar mælingar voru þær fyrstu í langan tíma sem gerðar voru á þorski með bergmáls mæli.

Páll segir að þarna sé um tilraun að ræða og að niðurstöður mælinga af þessu tagi gætu orðið gagnlegar við samanburð á öðrum upplýsingum um þorskstofninn þegar fram líða stundir. Hann segir að Norðmenn hafi notað bergmáls mælingar samhliða tog-

rannsóknnum á Barentshafsborskinum í 10-15 ár og þeir styðjist við þessar mælingar til að áætla stofnstærð. Bergmáls mælingar hafa nær eingöngu verið notaðar við mælingar á uppsjávartegundum eins og síld, loðnu og nú síðast karfa og segir Páll að erfitt sé að koma þessari aðferð við þegar fiskur er mjög botnlægur. Það sé samt oft svo að þorskurinn leiti upp í sjó og þá henti þessi

aðferð tiltölulega vel.

„Við eru að þreifa okkur áfram með þetta og það eru fréttir af mikilli þorskgengd og þorski upp í sjó. Meiningin er ekki að mæla stofnstærð þorsksins eins og hann leggur sig. Þetta er tilraunastarfsemi og hvort hún á eftir að gefa einhverjar viðbótarupplýsingar sem verða notaðar er erfitt að segja um, en við vonumst auðvitað eftir því,“ sagði Páll.



ÍSAFJARÐARBÆR

## STARFSMAÐUR VIÐ LAUNAVINNSLU OG BÓKHALD

Óskum eftir að ráða starfsmann við launa- og bókhaldsstörf á bæjarskrifstofunum. Starfshlutfall 100%.

**Helstu verkefni:** Færsla bókhaldsgagna og launavinnsla.

**Menntun og reynsla:** Stúdentspróf eða sambærileg menntun auk starfsreynslu af launa- og bókhaldsstörfum.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar nk.

**Kjör:** Laun samkvæmt kjarasamningi félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunum en frekari upplýsingar veitir Þórir Sveinsson, fjármálastjóri og Bára Einarsdóttir, launafulltrúi.

## STAÐARVERKSTJÓRI FLATEYRI

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ óskar eftir að ráða staðarverkstjóra á Flateyri frá og með 1. mars nk. að telja.

Megin viðfangsefni staðarverkstjóra eru umsjón með verklegum framkvæmdum og daglegur rekstur áhaldahúss staðarins og störfum því tengdu. Einnig annast staðarverkstjórnin vigtun fyrir hafnarsjóð, umferðastjórnun við höfnina ásamt mótöku báta og skipa.

Skriflegum umsóknum skal skila á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 31. janúar nk.

Nánari upplýsingar gefur bæjarverkfræðingur eða bæjarverkstjóri í síma 456 3722.

## AÐSTOÐAR FORSTÖÐUMAÐUR

Staða aðstoðarforstöðumanns Hlífar, íbúða aldraðra, Torfnesi er laus til umsóknar.

Óskað er eftir umsækjendum með áhuga á öldrunarþjónustu.

Umsækjendur þurfa að hafa reynslu í mannlegum samskiptum, stjórnun og skipulagningu þjónustu.

Umsóknarfrestur er til 29. janúar 1997.

Upplýsingar veitir forstöðumaður, Rósa Guðrún Jóhannsdóttir í síma 456 4076 eða félagsmálastjóri, Jón Tynes í síma 456 3722.

## STARF Á ÞJÓNUSTUDEILD

Starfsmaður óskast á þjónustudeild Hlífar, íbúða fyrir aldraða, Torfnesi.

Umeraðræða 60% starf, vaktavinna.

Upplýsingar veitir forstöðumaður, Rósa Guðrún Jóhannsdóttir í síma 456 4076.

# Kerfislagnir Jóhannes Jónsson

Öryggiskerfi (bruna-, þjófa- og myndeftirlitskerfi). Símakerfi, símalagnir, sjónvarpsloftnet og aðrar smáspennulagnir.

Reykskynjarar stakir og samtengdir, Gasskynjarar og eldvarnarteppi.

Leiga á öryggiskerfi með tengingu við öryggismiðstöð. **Kannið málið..**

Visa-Eurocard,     
raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

Sími: 456-5252 Farsími: 854-8822  
Netfang: joijons@snorpa.is



Mjög mikil þorsgengd hefur verið á Vestfjarðamiðum að undanfögnu. Páll Pálsson ÍS-102 landaði 65 tonnum á mánudag og var sá guli um 75% aflans.

## Mikil þorsgengd á Vestfjarðamiðum

# Aflabrögð með eindæmum góð

Mikil þorsgengd hefur verið á grunnslóð út af Vestfjörðum að undanfögnu og aflabrögð með eindæmum góð. Mjög góð veiði hefur verið hjá línubátum frá áramótum og hafa nokkrir þeirra komið með fullfermi að landi.

Togarar hafa einnig fengið

góðan þorskafla á Vestfjarðamiðum, en flestir þeirra eru á flotta undan þeim gula vegna kvótaleyxis. Páll Halldórsson, skipstjóri á Páli Pálssyni ÍS, sagði í samtali við Morgunblaðið fyrir helgi að hann og hans menn fengu 7-10 tonn eftir um klukkustundar tog,

sem væri sá tonnaföldi sem ætlast er til að þeir veiði af þorski á viku.

Páll Pálsson landaði 65 tonnum á Ísafirði á mánudag og var um 75% aflans þorskur. Stefnir landaði einnig á mánudag, 44 tonnum og var um helmingur aflans þorskur.



Pantanasíminn er 456 3367



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

**Fasteignaviðskipti**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

### Einbýlishús / raðhús:

**Bakkavegur 25:** 154m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-  
**Engjavegur 12:** 210m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.000.000,-

**Fagraholt 2:** 160m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Tilboð óskast.  
**Fagraholt 12:** 156,7m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni möguleg. Tilboð óskast.  
**Hafraholt 14:** 144,4m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-



**Fjarðarstræti 38:** 130m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrjúbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 6.500.000,-

bygðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

### 4-6 herbergja íbúðir

**Aðalstræti 19:** 110m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbylishúsi. Verð: 6.800.000,-  
**Engjavegur 17:** 92,6m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbylishúsi. Verð: 7.100.000,-  
**Engjavegur 21:** 132,2m<sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbylishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-  
**Engjavegur 31:** 92,1m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbylishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 5.900.000,-  
**Fjarðarstræti 13:** 80m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbylishúsi. Verð: 6.200.000,-  
**Pólgata 4:** 76 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 3 hæð í þrjúbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-  
**Pólgata 4:** 136 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 20:** 161,2m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbylishúsi ásamt stórum bílskúr.

Mjög falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-  
**Stórholt 7:** 116m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í fjölbylishúsi. Verð: 7.400.000,-  
**Stórholt 11:** 103m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbylishúsi ásamt bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.800.000,-  
**Tangagata 20:** 70m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbylishúsi. Engar áhvilandi skuldir. Verð: 3.800.000,-  
**Túngata 12:** 98,9m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 6.700.000,-  
**Urðarvegur 45:** 131,2m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbylishúsi. Verð: 7.500.000,-

**Hlíðarvegur 27:** 76m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð tvíbylishúsi ásamt 35m<sup>2</sup> bílskúr. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 67:** 107m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbyli. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbylishúsi. Verð: 5.100.000,-  
**Stórholt 9:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbylishúsi. Verð: 5.300.000,-  
**Stórholt 11:** 80m<sup>2</sup> íbúð á 3 hæð í fjölbylishúsi. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 11:** 80m<sup>2</sup> íbúð á 2 hæð í fjölbylishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-  
**Stórholt 11:** 72,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð í fjölbylishúsi. Verð: 4.500.000,-

### 2ja herbergja íbúðir

**Hlíf II:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-  
**Urðarvegur 78:** 73m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbylishúsi. Verð: 5.400.000,-



**Urðarvegur 25 - Hraunprýði:** 155m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbylishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.



**Hlíðarvegur 38:** 183,2m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-

# Ódýrust á Ísafirði

Í Staðtölum almannatrygginga fyrir árið 1995, sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út, kemur fram að kostnaður vegna tannlæknaþjónustu er minnstur á Ísafirði þegar miðað er við kostnað á hvern íbúa. Þegar kostnaðurinn er borinn saman milli staða kemur í ljós að kostnaður vegna tannlæknaþjónustu er 2.265 krónur á hvern íbúa á Ísafirði á meðan t.d. í Bolungarvík er kostnaður á hvern íbúa 6.407 krónur. Tölur teknar af handahófi úr skránni sýna að kostnaðurinn er 3.665 krónur á Patreksfirði, 4.092 krónur á Sauðárkróki, 6.105 krónur á Egilsstöðum,

4.825 krónur í Keflavík og 4.662 krónur á Akureyri. Það sem vekur sérstaka athygli er sá mikli munur sem er á Ísafirði og Bolungarvík eða 4.142 krónur á hvern íbúa. BB kannaði málið hjá yfirtannlækni Tryggingastofnunar ríkisins Reyni Jónssyni.

„Við erum að skoða þetta sérstaka dæmi um Ísafirðir og Bolungarvík þannig að ég get ekki gefið upp ástæður fyrir þessu núna. Ég vil hins vegar benda á að við verðum að hafa í huga að það kunna að vera staðbundnar aðstæður fyrir hendi þ.e.a.s. það eru fleiri tryggðir á einum stað heldur

en öðrum, það gæti sem sagt verið meira af skólakrökkum á öðrum staðnum. Eins gæti það verið að menn séu mismunandi duglegir að kalla börnin inn en þetta þarf ekki alltaf að vera í refsiverða átt ef ég má kalla það svo. Það er vitað að menn hafa mismunandi vinnureglur sem felst m.a. í greiningu á meðferð. Sumir nota ákveðið mynstur yfir alla línuna þar sem það sama er gert við alla nánast óháð því hvernig ástandið er í muninum. Á meðan eru aðrir, sem virkilega þekkja sinn sjúklingahóp, sem miða meðferðir við ástand hvers og eins. Þarna eru hlutir sem við

hjá Tryggingastofnun erum að reyna að taka á. Eins og ég sagði þá erum við að skoða þetta tiltekna dæmi fyrir vestan og við skulum bíða og sjá. Þetta kemur í ljós.“

Reynir sagði að mögulega gætu verið aðrar aðstæður í Bolungarvík og að t.d. hafi því verið haldið fram að það væri með ólíkindum hvað tannskemmdir væru algengar þar. „Það kunna að vera aðrar hefðir ríkjandi þar, þetta er tiltölulega lítið samfélag þannig að það sem einn tekur upp er kannski mjög fljótt að dreifast um samfélagið eins og t.d. að hanga á sjoppunum.“

## Sparisjóður Súðavíkur

# Ragnar lætur af störfum

Ragnar Jörundsson, sem gegnt hefur starfi sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Súðavíkur í tæpt eitt og hálf ár, lætur af störfum um næstu mánaðarmót af persónulegum ástæðum.

Áður en Ragnar hóf störf í Súðavík gegndi hann starfi sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Ólafsvíkur um tveggja ára skeið en þar áður var hann sparisjóðsstjóri í Súðavík í þrjú ár. Að sögn Ragnar er stefnan tekin á Reykjavík en þar hefur hann fengið starf sem framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík.

Ragnar sagði að staða sparisjóðsstjóra Súðavíkur yrði ekki



Ragnar Jörundsson.

auglýst laus til umsóknar, þar sem viðræður hefðu staðið yfir við ákveðinn aðila um að taka að sér starfið. Hann vildi að svo stöddu ekki gefa upp hver sá aðili væri. Samkvæmt upplýsingum blaðsins mun hér vera átt við Stein Kjartansson, sem um árabíl hefur gegnt starfi skrifstofustjóra hjá Frosta hf., í Súðavík.



Steinn Kjartansson.

## Gríman fallin af kvótakerfinu

# Eru stjórnvöld heilalaus?

Sífelld vaxandi ólgu gætir hjá almenningi í þjóðfélaginu og ekki síst hjá Vestfirðingum gagnvart kvótakerfinu og fylgiskipum þess. Varla koma saman tveir öðruvísi en umræðan snúist að miklu leyti um fiskveiðistjórnun, kvóta og sægreifa. Engan skal undra þótt stundum hitni í kolunum þegar þessi mál eru rædd, því fólk gerir sér grein fyrir mikilvæginu og telur margt að telfd sé refsikák af stjórnmaláttum og kolkrobbum, þar sem fram-tíð fólks og þá ekki síst ungs fólks, sé lögð að veði. Kvótakerfið hafi fellt grímuna og gnæfi yfir þjóðinni eins og ofvaxið skrímsli sem enginn fái ráðið við.

Audveldast er að gagnrýna, en erfiðara getur reynst að benda á leiðir til úrbóta og virðist sem margir hafi lagt árar í bát og fallist á það sjónarmið að leiðin til baka sé ófær. Ekki eru þó allir á því máli og til eru kjarkmiklir menn sem af og til varpa fram hugmyndum til lagfæringar núverandi kerfi eða benda á nýjar leiðir. Pétur Sigurðsson,

forseti Alþýðusambands Vestfjarða, bendir á þann möguleika á öðrum stað í blaðinu, að stjórnvöld leysi til sín kvótann á 4-7 árum og hafi eftir það með forræði hans að gera. Að hans mati er þetta eina færa leiðin út úr kvótakerfinu.

Sjómáður sem kominn er á efri ár benti blaðinu á, að með aukinni fiskgengd gæti skapast svigrúm fyrir stjórnvöld til aðgerða. „Ef fiskistofnarnir ná sér upp, eins og margt bendir til að nú sé að gerast, er sá möguleiki fyrir hendi, að stjórnvöld afnemi kvótann og gefi veiðar frjálssar í t.d. 1-3 ár. Að þeim tíma liðnum væri hægt að endurskoða stöðuna í ljósi reynslunar og ákveða nýjar leikreglur með það efst í huga að jafna rétt manna til að sækja í auðlindina. Einnig er ljóst að tryggja verður að hver landshluti eða byggðarlag fái réttlátan skerf sér til viðurveris sem ekki yrði hægt að framselja eða spila fjárhættuspil með eins og nú er gert. Það nægir að benda á Vestfirði sem dæmi um það klúður sem viðgengist hefur í núverandi kerfi en þeir

eru ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var.

Fóksfjöldi er orðinn sá sami og 1860 sem skrifast algjörlega á kerfið sem nú er við lýði og Vestfirðingum er nánast meinlaust að sækja í tegundir eins og steinbít, tegund sem þeir einir veiddu áður fyrr og hélt lifinu í Vestfirðingum oft á tíðum. Grálúðan er annað dæmi en Vestfirðingar eru frumkvöðlar í veiðum á henni og sátu einir að þeim veiðum til að byrja með. Þetta hefur að mestu verið tekið frá okkur þrátt fyrir að þetta sé eina lifibrauð okkar. Ég skil bara ekki hvað stjórnvöld eru að hugsa ef þau hugsa á annað borð. Mér er næst að ætla að þingmenn og ráðherrar þjáist af sjaldgæfum vírus sem veldur alvarlegum og langvarandi heilaskemmdum,“ sagði þessi sjómáður sem stundað hefur sjóinn í 57 ár og dregið að landi tugi þúsunda tonna. Í dag á hann engan rétt til veiða í íslenskri landhelgi og það á heldur enginn af afkomendum hans. Örfáum öðrum og sjáfsagt betri Íslendingum hefur hins vegar hlotnast sá réttur.



Eftir situr spurningin: Hvar er hefðarréttur, réttlæti og sanngirnir á Íslandi í dag?

# BAKKI

## ATVINNA

Bakki hf. óskar eftir fólki til starfa í eftirfarandi störf:

Störf í flokkunarstöð í Bolungarvík (Mikil vinna). Upplýsingar gefur Þorlákur Ragnars-son í síma 456 7550.

Störf í rækjuvinnslu í Bolungarvík. Upplýsingar gefur Halldór Jónsson í síma 456 7500.

Störf í fiskvinnslu í Bolungarvík. Upplýsingar gefur Albert Haraldsson í síma 456 7500.

Starf við þrif í Hnífsdal. Upplýsingar veitir Snorri Bogason í síma 456 5200.

## Atvinnuráðgjafi Vestfjarða

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. auglýsir laust til umsóknar, starf Atvinnuráðgjafa Vestfjarða. Umsóknarfrestur er til 20. janúar nk. Umsóknir sendist félaginu að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Nánari upplýsingar veitir Halldór Halldórsson í síma 456 3170 og Aðalsteinn Óskarsson í síma 456 4633.

Starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. er að hefjast undir merkjum þess. Til þessa hefur starfsemi atvinnuráðgjafa verið hjá Fjórdungs-sambandi Vestfirðinga. Auk atvinnuráðgjafa mun ferðamálafulltrúi starfa hjá Atvinnuþróunarfélaginu.



## Krakkar foreldrar



## forráðamenn!

Þá er komið að því!

Krakkaklúbburinn byrjar aftur eftir jólafrí í vikunni.

Krakkaklúbbur fyrir 10 - 12 ára byrjar miðvikudaginn 15. janúar kl. 17:30 og 3-9 ára hópurinn byrjar föstudaginn 17. janúar kl. 17:30.

Hvítasunnukirkjan Salem.

Ef tveir ferðast saman í Gjugg-helgarferð, borgar aðeins annar.

# TVEIR FYRIR EINN

Er þá ekki tilvalið að bregða sér í helgarferð með Flugleiðum innanlands til Reykjavíkur eða Vestmannaeyja, Húsavíkur, Hornafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða eða Ísafjarðar og njóta lífsins?

Ef þú ert VISA - korthafi og býður einhverjum með þér í helgarferð á ofangreinda staði, á tímabilinu 17. janúar til 2. febrúar nk. þarftu aðeins að greiða flugmiðann og þína eigin gistingu, en ekki fyrir ferðafélaga þinn.

FLUGLEIÐIR INNANLANDS



Verð frá kr. 7.300

# Ísfirðingar á valdi tilfinningana

Það þótti miklum tíðindum sæta í síðustu viku þegar fréttist af sameiningu Samherja á Akureyri og Hrannar hf. á Ísafirði sem gert hefur út frystitogarann Guðbjörgu ÍS 46. Ísfirðingum mörgum varð bylt við, því Guðbjörg og forverar hennar hafa verið stolt Ísfirðinga til fjölda ára enda mikil aflasæld fylgt þeim skipum sem borið hafa þetta nafn og útgerð skipanna ávallt verið með sóma og myndarbrag. Eftir að frystitogarinn Guðbjörg kom til sögunnar varð ljóst að landvinnslufólk nyti ekki afla Guðbjargar lengur og má því leiða að því rök að kvótinn hafi í raun tapast verkafólki þegar breytt var yfir í frystingu. Með sameiningunni óttast margir að kvóti skipsins, sem nemur 3.400 þorskígildistonnunum, glatist Ísfirðingum en forsvarsmenn Samherja og Hrannar hafa lýst yfir að skipið verði áfram gert út frá Ísafirði svo sem verið hefur.

Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri Samherja, hefur meira að segja lýst yfir að: „Guggan verður áfram gul og verður gerð út frá Ísafirði.“ Margir draga þá yfirlýsingu í efa og telja að skipið verði í nánustu framtíð gert út frá Akureyri þar sem höfuðstöðvar Samherja eru og benda á að þegar Hvaleyrri í Hafnarfirði var sameinuð Samherja, þá hafi aflaheimildirnar fljótlega farið frá Hafnarfirði og norður yfir heiðar.

Ljóst er að sameiningin er ekki síst mikið tilfinningamál fyrir Ísfirðinga, því að mörgu leyti hefur verið litið á Guðbjörgina sem hornstein Ísafjarðar og tákni kjölfestu í bæjarlífinu. Það kom því nokkuð á óvart að svo virðist sem nokkrir erfiðleikar hafi verið farnir að hrjá útgerðina og skuldir hennar miklar eða um 1 milljarður króna. Margt bendir til að sú ákvörðun eigenda Hrannar að fjárfesta í þessu dýra skipi hafi ef til vill verið misráðin og það hafi ekki verið raunhæfur kostur að reka það á grundvelli þeirra aflaheimilda sem útgerðin réði yfir. Erfið staða útgerðarinnar og fyrirsjáanlegar þrengingar hvað úthafsveiðar varðar, t.d. á Flæmingjagrunni, telja menn helstu ástæður fyrir þeirri ákvörðun eigenda Hrannar að ganga inn í Samherja.

Í viðtali í ríkisútvarpinu sagði Þorsteinn Már Baldvinsson m.a.: „að vanda í vestfirskum sjávarútvegi mætti að nokkrum hluta kenna lélegri stjórnun fyrirtækja“ og er þá spurning, hvort hann telji þar á

meðal stjórnendur Hrannar hf. sem á vestfirskan mælikvarða a.m.k., þykja hafa skarað fram úr og eru álitnir hafa verið framsýnir og ákveðnir brautryðjendur í vestfirskri útgerð í áratugi.



Þorsteinn Jóhannesson.

## Eðlilegra að málið leystist innan sveitarfélagsins

Þorsteinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sagði að fljótt á litið sæi hann ekki alveg hvaða áhrif sameining Hrannar hf. og Samherja hf., hefði á atvinnulíf á Ísafirði. „Þetta er neikvætt fyrir atvinnulífið og þá byggðarþróun sem við vonuðumst til að yrði hér í nánustu framtíð. Það er staðreynd að Guðbjörgin var drjúgan hluta s.l. árs á úthafsveiðum m.a. á Flæmingjagrunni og landaði þar af leiðandi ekki mjög oft hér heima. En þegar skipið landar hér, þá skapast talsverð atvinna og þjónusta í kringum það, sem ég óttaðist að hverfa myndi

við sameininguna. Nú hafa Þorsteinn Már Baldvinsson og forsvarsmenn Hrannar fullvissað okkur um að Guðbjörgin verði áfram gerð út hér frá Ísafirði og jafnframt að reynt verði að manna skipið með lögbýlingum Ísafjarðarbæjar. Við Ísfirðingar hljótum að fagna því að ungir og kröftugir athafnamenn ætli að hefja starfsemi hér í bæjarfélaginu.“

Þorsteinn sagði að forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar hefðu tjáð hluthöfum Hrannar áhyggjur sínar yfir að Guðbjörgin yrði seld frá Ísafirði en sagði jafnframt að það væri að sjálfsögðu algerlega í höndum eigenda fyrirtækisins hvað þeir ákvæðu að gera. „Þeir verða að sjálfsögðu að gæta hagsmuna sinna og maður skilur það ósköp vel. Hins vegar hefði manni þótt eðlilegra að eigendur Hrannar hefðu reynt að leysa sín mál innan sveitarfélagsins þannig að það hefði áfram fengið að njóta þessa fyrirtækis sem endranær, en þessir menn hafa komið mjög mikið að uppbyggingu bæjarfélagsins.“ Að sögn Þorsteins er það bjargföst trú hans að sterk fyrirtæki eins og t.d. Gunnvör, Hraðfrystihúsið í Hnífsdal, Básafell og Bakki hf. hefðu getað leyst úr vanda Hrannar. „Við getum aftur á móti spurt okkur þeirrar spurningar hvernig sé með samstarfsvilja þessara fyrirtækja? Við, forsvarsmenn bæjarins, hefðum talið það mjög æskilegt að Hrönn hefði sameinast einhverjum af þessum sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru hérna á svæðinu. Við skulum

ekki gleyma því að sjófrysting í dag verður kannski ekki sjófrysting á morgun. Það er yfirlýst stefna Grænfríðunga að allir verksmiðjutogarar verði lagðir af árið 2000 - ekki það að þeir fái ráðið nokkru þarna um, en við höfum séð hvaða vald og mátt þeir virðast hafa þessir menn og er skemmst að minnast hvernig þeir stöðvuðu hvalveiðar Íslendinga. Ég trúi því allt eins að þessar fyrirtætanir Greenpeace verði að veruleika og þá stöndum við Vestfirðingar frammi fyrir því að stór hluti okkar kvóta er farinn burt. Það þarf enginn að segja mér það að geti Samherji ekki fryst sinn fisk út á sjó, að þeir leggji upp afla í fiskvinnslufyrirtæki sem þeir koma hvergi nærri.“



Arnar Kristinsson.

## Leituðum ekki formlega eftir viðræðum

Arnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Básafells hf., sagði að af þeirra hálfu hefði

ekki verið óskað formlega eftir viðræðum við Hrönn hf. og að Hrönn hf. hefði heldur ekki óskað eftir viðræðum við Básafell. Hann staðfesti þó að ef leitað hefði verið til þeirra þá hefðu þeir óneitanlega haft áhuga á að ræða málin. Hann sagðist ekki sjá að sameiningin hefði nokkur áhrif á atvinnulíf á Ísafirði miðað við yfirlýsingar þeirra Hrannar- og Samherjamanna.



Pétur Sigurðsson.

## Verið að selja þjóðareignina

BB hafði samband við Pétur Sigurðsson, forseta Alþýðusambands Vestfjarða, til að fá hans álit á sameiningu Hrannar hf. og Samherja hf.

„Í sjálfu sér er voðalega erfitt að hafa álit á því. Þetta eru náttúrulega hlutir sem við ráðum ekkert við. Þjóðfélagið hefur verið að afhenda einstaklingum veiðiheimildir sem þeir eru að selja þessa dagana. Það er enginn að selja skip í dag,

menn selja veiðiheimildir. Þar eru menn að selja þjóðareignina því í fyrstu grein laganna um stjórn fiskveiða segir; að þjóðin eigi fiskinn í sjónum.“ Að mati Péturs eru Ísfirðingar að missa endanlega sjónir á 3.500 tonna kvóta og áhrifin til lengri tíma vera þau, „að sá hagnaður sem þó hefur komið af honum hér inn í bæinn hverfur með tímanum - það er mín skoðun á málinu. Þó svo að þeir segist ætla að gera skipið út héðan frá Ísafirði þá eru það bara orðin tóm. Það má aftur á móti segja að atvinnan sem þessi 3.500 tonn sköpuðu hér á Ísafirði þegar Hrönn hf. gerði út ísfiskskip, hafi horfið úr bænum þegar skipinu var breytt í frystiskip þannig að við eru ekki að glata einhverju til viðbótar á þessu augnabliki. Ég vona að mannskapurinn sem verið hefur þarna um borð og á lögheimili hérna á Ísafirði fái að halda sínum plássum og borgi áfram skatta og skyldur hingað og eins að þjónusta við skipið verði að einhverju leyti hér. Þetta verður kannski óbreytt um einhvern tíma en það er ekkert öryggi í þessu og það er kannski það versta. Menn þurfa núna að staldra við og segja sem svo; að fyrst býið er að kaupa svona mikið af aflaheimildum héðan úr okkar byggðarlagi, eru þá ekki einhverstaðar til sölu aflaheimildir sem við getum krækt í.

Þegar Pétur var inntur álits á þeirri ákvörðun eigenda Hrannar hf. að ganga frekar til samninga við Samherja en heimamenn, þ.e. Básafell hf.,

sagði hann; „Ég þekki þetta ekki neitt og trúi því einhvern veginn ekki á fyrrverandi eigendur Hrannar - á maður víst að segja núna, að þeir hafi ekki viljað selja skipið hingað hafi verið einhver grundvöllur fyrir slíkri sölu. Það er slæmt ef það er rétt, að þeir hafi ekki viljað sinna óskum Ísfirðinga um að halda þessu hér í bænum. Það er greinilegt að nú þurfa menn að vakna til lífsins og við skulum bara vona að það sé ekki of seint. Fyrir fimm árum varaði ég við þessu og uppskar mikinn hlátur manna þegar ég sagði að við ættum að leggja hvern einasta eyri í kaup á veiðiheimildum. Menn sögðu að kvótakerfið kæmi ekki til með að lifa lengi en nú er þetta sama kvótakerfi að ganga af okkur dauðum og þá er ekki um annað að ræða en við heimtum það af okkar fulltrúum á Þjóðþingi Íslendinga að kvótakerfinu verði breytt. Ég gef mér það að ekki sé hægt breyta því með einni handahreyfingu heldur verði það að gerast í áföngum og sé ég fyrir mér að innleysa þurfi þær heimildir sem úthlutað hefur verið á 4-7 árum. Engin önnur leið er til.“

### Eigendur Hrannar bera hag Ísafjarðar fyrir brjósti

„Ég held bara að þetta sé hluti af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í sjávarútvegnum í þá átt að einingarnar eru að verða stærri og það sem gerist þarna er að eigendur Hrannar eignast hlutabréf í Samherja. Samherji verður þá með starfsemi á Ísafirði, Akureyri, Dalvík og Eskifirði auk starfseminnar sem fer fram erlendis,“ sagði Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri Samherja, þegar hann var spurður um hvaða ávinning sameining fyrirtækjanna hefði í för með sér. Þorsteinn var einnig inntur eftir hvort hann gæti gefið Ísfirðingum einhverja tryggingu fyrir því að Guðbjörg yrði áfram gerð út frá Ísafirði. „Ég held að Ísfirðingar eigi nú að þekkja þá Guðmund Guðmundsson og Ásgeir Guðbjartsson það vel að þeir ættu að átta sig á hvað vakir fyrir þeim og því sem þeir eru að gera, en það er einfaldlega að tryggja að Guðbjörgin verði á Ísafirði áfram. Ég held að menn finni ekki meiri Vestfirðinga en þá Guðmund og Ásgeir og þeir eru einfaldlega að tryggja rekstur skipsins betur. Það hefur aldrei hvarflað að þeim að ganga frá málum öðruvísi en að það geti verið þarna áfram.“

Þorsteinn sagði að ákveðið hefði verið að upplýsa ekki að sinni hver eignarhluti eigenda Hrannar yrði í Samherja en sagði jafnframt ljóst að Samherji færi á hlutabréfamarkaðinn í febrúar og þá kæmi í ljós hverjir ættu í fyrirtækinu og hversu mikið. „Hluti af því sem við ætlum að gera er að fara á hlutabréfamarkaðinn og við munum hafa hlutafjárútböð í febrúar og hluti af þeim peningum sem við ætlum að sækja á markaðinn mun fara í að lækka áhvílandi skuldri á Guðbjörginni. Það sem menn eru að gera núna er einfaldlega

## Sameining Hrannar hf. og Samherja hf.

# Yfirlýsing frá eigendum Hrannar

Það var um mitt ár 1992 sem eigendur Hrannar hf. á Ísafirði fóru að huga að því að endurnýja skipakost fyrirtækisins. Þau áform leiddu til þess að gerður var smíðasamningur við Flekkefjord Slipp í Noregi.

Skipið, Guðbjörg ÍS 46, kom síðan til Ísafjarðar í október 1994. Endanlegt kostnaðarverð skipisins reyndist verða 1,6 milljarður króna.

Fjármögnun fór fram með þeim hætti að eldra skip félagsins Guðbjörg, var tekið upp í andvirði þess nýja af skipasmíðastöðinni fyrir 380 milljónir kr. Hrönn hf. greiddi í peningum 220 milljónir kr. en mismunurinn var tekinn að láni hjá norskum lánastofnunum.

Áður en tekin var ákvörðun um að láta byggja frystitogarann Guðbjörg ÍS 46, var endurskoðunar-skrifstofu Sigurðar Stefánssonar hf. í Reykjavík falið að setja upp rekstraráætlun fyrir skipið. Í áætluninni var gert ráð fyrir því að auk þeirra veiðiheimilda sem skipið hafði innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, fengjst umtalsverðar tekjur af úthafsveiðum utan 200 mílna markanna. Miðað við að skipið yrði fullnýtt á eðlilegum úthaldstíma, var gert ráð fyrir því að hægt væri að ná aflaverðmæti fyrir allt að 600 milljónir kr. og myndi það duga til þess að reksturinn næði því að vera í jafnvægi.

Á síðasta ári stundaði Guðbjörg eingöngu rækjuveiðar og var skipið fyrst á heimamiðum en síðan átta mánuði á Flæmingjagrundi og varð aflinn þar 1640 tonn. Miðað við þær takmarkanir sem ákveðnar hafa verið á veiðum þar um slóðir, skapar þessi aflí veiðireynslu upp á 350 tonn að því að áætlað er þegar veiðar þarna verða kvótasettar.

Brúttótekjur Hrannar hf. voru á síðasta ári 650 milljónir króna. Sex mánaða uppgjör kom út með hagnaði upp á 18 milljónir króna og má því gera ráð fyrir að útkoma fyrir árið verði jákvæð og hefur öllum lánum verið haldið í skilum.

Íslensk stjórnvöld hafa gerst aðilar að samkomulagi er felur í sér mjög mikla takmörkun á öllum veiðum utan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar. Með tilvísun til þess hve stutt er síðan Guðbjörg kom í rekstur hefur skipið ekki náð því að vinna sér neina aflareynslu á þessum miðum utan þess sem áður er getið. Þetta mun óhjákvæmilega koma fram í verulega skertu aflaverðmæti og þar með versnandi afkomu fyrir fyrirtækið. Óhjákvæmilega mun stefna í taprekstur

verði ekkert að gert og afleiðingar þess gætu aldrei orðið nema á einn veg, fyrirtækið myndi fyrr eða síðar komast í greiðsluþrot.

Stjórn Hrannar var því ljóst að eitthvað varð að gera til þess að bregðast við þeim vanda sem kominn var upp á borðið. Með Hrönn hf. og Samherja hf. hefur verið mjög góð samvinna um hagræðingu í útgerðarrekstrinum og í framhaldi af því voru í byrjun nóvember teknar upp viðræður þessara aðila um nánari samvinnu en verið hafði, þar sem það var mat stjórnenda Hrannar að Samherji hefði öðrum fremur möguleika til þess að tryggja að rekstur Guðbjargar gæti haldið áfram í þeim farvegi sem verið hefur. Þessar viðræður leiddu til þess að undirritað var samkomulag 7. janúar um samruna fyrirtækjanna.

Með þessari gerð er tryggt að unnt verður að fullnýta veiðihæfni og afkastagetu Guðbjargar. Skipið mun áfram verða skráð frá Ísafirði og áhöfn hin sama og verið hefur. Aflanum verður landað á Ísafirði eftir því sem við verður komið hverju sinni. Því hefur verið haldið fram að Hrönn hf. hafi farið út í offjárfestingu þegar tekin var ákvörðun um smíði Guðbjargar. Því er til að svara að ef ekki hefði komið til þeirra takmarkana á veiðum utan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar sem taka gildi á árinu 1997, þá hefði tekist að ná endum saman í rekstrinum svo sem komið hefur í ljós og hér er greint frá miðað við árið 1996, sem er fyrsta árið sem skipið er í fullum rekstri.

Þá hafa eigendur Hrannar sætt á mæli fyrir að hafa ekki gengið til liðs við aðila Básafells hf. í þeirri sameiningu er þar hefur átt sér stað. Raunar var aldrei eftir því leitað af þeirra hálfu að Hrönn hf. kæmi þar að fyrr en í simtölum þegar málið var svo til endanlega frágengið við Samherja hf. Þá var það og metið svo að sú leið væri ekki vænleg til lausnar á þeim mikla vanda sem framundan var.

Hrönn hf. hefur nú í 41 ár staðið að útgerð Guðbjarganna með farsælum hætti. Það eru því vissulega sár vonbrigði að nú hafi ytri aðstæður orðið til þess að þessu tímabili er að ljúka. Mestu varðar þó að útgerð Guðbjargar færast yfir á hendur þess aðila sem hefur á ótvíræðan hátt sannað getu sína á þeim vettvangi.



að tryggja reksturinn.“ Þorsteinn sagði, í sambandi við ótta Ísfirðinga við að kvótinn og skipið færi á brott; „Ég held að tíminn verði bara að leiða þetta í ljós. Við förum m.a. inn í fyrirtæki á Dalvík og sögðumst ætla að fara þar inn til að efla starfsemina. Það hefur gengið eftir og sama má segja um starfsemina á Eskifirði. Í sambandi við Ísafjörð, þá held ég að við látum bara verkin tala þar. Ég held að í sjálfu sér

geti menn lítið gert til að lægja þessar öldur. Fólk ætti að bera það traust til þeirra Guðmundar og Ásgeirs að þeir væru ekki að þessu án þess að þeir trúu því að reksturinn verði á Ísafirði áfram eins og verið hefur.“ Í sambandi við ummæli Þorsteins Jóhannessonar, forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, um að það hafi sýnt sig við sameiningu Samherja við Hvaleyri í Hafnarfirði, að aflaheimildirnar hafi þar fljót-

lega farið úr byggðarlaginu, sagði Þorsteinn Már; „Við förum í uppskipti á Hvaleyri þar sem við vorum hluthafar ásamt öðrum og við förum með skipið norður það er alveg rétt. Ég hef svo sem ekkert við Þorstein nafna minn að segja um það mál. Ég held að það sé ágætt að gera út frá Ísafirði, þaðan er tiltölulega stutt á mið og hefð fyrir útgerð er þar til staðar, þannig að ég tel enga ástæðu til að breyta neinu í

sjálfu sér. Ég vil bara endurtaka að Guðmundur, Ásgeir og þeir sem tengjast þessum málum væru ekki að þessu nema þeir tryðu að rekstur skipsins yrði þarna áfram. Þeir bera hag Ísafjarðar og sjómanna það mikið fyrir brjósti og telja sig hafa tryggt þetta á þennan hátt,“ sagði Þorsteinn Már að lokum og sagðist bjartsýnn á starfsemi Samherja á Ísafirði.

Nokkrir bæjarbúar voru teknir tali og þeir beðnir um álit sitt á sameiningu Hrannar hf. og Samherja hf.




Alfred Erlingsson, pípu-lagningarmeistari:

„Það er erfitt að svara þessari spurningu, en ég held að þetta hafi engin áhrif á atvinnulífið hér vegna þess að aflinn sem Guðbjörg hefur komið með á land hefur skapað sáralitla vinnu. Ég ætla samt að vona að yfirlýsing Samherjamanna, þess efnis að skipið verði hér, standist fram í lengstu lög.“



Snorri Sturluson, sjómaður:

„Mér finnst þetta sýna best hvað kvótakerfið er mikið rugl. Þetta er bara vettvangur auðvaldsins til að flytja til atvinnu fólksins í landinu. Atvinnan á að sjálfsögðu að vera hérna þar sem fólk hefur unnið kynslóð fram af kynslóð við að færa björg í bú.“



Sigurður Th. Ingvarsson, starfsmaður Ísafjarðarhafnar:

„Ég er smeykur við að þegar fram líða stundir muni kvótinn fara úr bænum, þótt menn segi annað í dag.“



Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri:

„Mér finnst þetta fyrst og fremst bara sorglegt. Ég trúu ekki fyrr en á reynir, að skipið leggi upp hér.“



Jóhanna og Skúli ásamt öðrum stýrimanni Skúla, Jónasi Titus Kashupi.

# „Afríkuverkurinn“

**Skúli Elíasson og Jóhanna Gunnarsdóttir frá Þingeyri segja frá veru sinni í Namibíu**

## er kominn til að vera

Skúli Elíasson og Jóhanna Gunnarsdóttir frá Þingeyri hafa undanfarin þrjú ár búið í Namibíu þar sem Skúli starfaði við fiskveiðar. Þau segjast lengi hafa haft löngun til að búa erlendis og kynnast einhverju nýju. Það má með sanni segja að þeim hafi tekist það þar sem Namibía á fátt sameiginlegt með Íslandi. BB ræddi við þau hjón nýlega um reynslu þeirra síðustu þrjú árin og komst fljótlega að því að Namibía er óþrjótandi umræðuefni. Þjóðin sjálf og menning og saga hennar er margslungin og ekki margt sem minnir á landið okkar. Jóhanna og Skúli segja það alveg á hreinu að þau muni aldrei lækna af „afríkuverk“, hann sé kominn til að vera.

### Dýrfirðingar í húð og hár

Skúli er fæddur og uppalinn í Keldudal og bjó þar til 14 ára aldurs, en þá fluttu foreldrar hans inn á Sveinseyri þar sem móðir hans, Kristjana Vagnsdóttir, býr enn þann dag í dag. Faðir Skúla var Elías Þórarinsson, eða Elli frá Hrauni, og var hann þekktur hagyrðingur. Þegar Skúli var inntur eftir því hvort hann gerði ekki eitthvað að því að setja saman vísur gaf hann ekki mikið út á það, en kona hans jáknaði því nú og sagði hann eitthvað fást við

það þó ekki sé það mikið opinberlega.

Það má segja að skólaganga Skúla hafi verið frekar rykkjótt. „Ég var nú ára þegar ég byrjaði í farskóla, en þá fór kennari á milli bæjanna. Skólagangan á hverjum vetri var samanlagt u.þ.b. þrjú mánuðir. Ég var í skólanum í tvær vikur og fór síðan heim, en varð að læra og skila inn sama efni, hefði ég verið í skólanum. Besta aðhaldið var að maður vissi að það yrði próf þegar farið væri næst í skólann. Mér fannst þetta sér þann tíma, sem maður sat ekki í skólanum. Ég var fjóra vetur í farskóla áður en ég fór í gagnfræðaskólann á Þingeyri. Síðan var ég í einn vetur í Reykjanesi og að Núpi árið eftir. Eftir að hafa fengið þennan samanburð, fannst mér miklu manneskjulegra að vera í Reykjanesi heldur en á Núpi. Það var allt mun strangara að Núpi, fleiri boð og bönn og kunnir ég betur við mig í Reykjanesi.“

Eftir landspróf gerðist Skúli sjómaður og dreif sig síðan í Stýrimannaskólann veturinn 1977-1978. Hann var skipstjóri á Framnesi ÍS frá 1989 og

þangað til seinni parts árs 1993 eða þar til hann fór til Namibíu.

Jóhanna er einnig Dýrfirðingur, dóttir Gunnars Friðfinnssonar og Rannveigar Guðjónsdóttur á Þingeyri. Hún gekk í skóla á Þingeyri og fór síðan á Núp. „Það gekk alltaf í bylgjum hvor skólanna var vinsælli. Flestir í mínum árgangi völdu að fara á Núp þannig að ég fylgdi með.“

### Auðvelt að bjarga sér erlendis

Þau hjón segja að það hafi lengi blundað í þeim að fara eitthvað út fyrir landsteinana, og segja þau að sú útþrá hafi einungis versnað eftir að þau hafi prófað einu sinni. „Ég var búinn að vera á Framnesinu í nokkuð mörg ár og var farið að langa að breyta til. Við höfðum ekki farið til Afríku áður, en við höfðum víða farið um Evrópu. Svo hafði það einhver áhrif í öllu þessu að í júní 1993 fórum við út með Norrænu og tókum bílinn með okkur. Við flökkudum um Evrópu í mánuð og ég hugsa að það hafi gert heilmikið í sambandi við að auðvelda þessa ákvörðun að flytja í annað land. Þarna sáum við hvað það er auðvelt að bjarga sér og ferðast á milli staða erlendis. Maður miklar

stundum hlutina fyrir sér áður en maður prófar og kemst að hinu sanna,“ segir Skúli.

„Við sáum auglýsingu í blaði um að það vantaði skipstjóra til vinnu í Namibíu og byrjuðum við á að afla okkur frekari upplýsinga um starfið og aðrar aðstæður. Þannig var að ráðgjafafyrirtæki í Reykjavík sem heitir Nýsir var búið að koma á tengslum við Namibíu og það var beðið um að auglýsa eftir skipstjórum og vélstjórum til starfa. Verið var að stofna fyrirtæki sem í dag heitir Seaflower Whitefish Corporation og er að 80% hlut í eigu Namibísku ríkisins og 20% Íslendinga. Þetta var mjög stuttur fyrirvari. Við sáum auglýsingu á 1. september og þegar ég loks sótti um var umsóknarresturinn eiginlega runninn út. Ég var þó ráðinn fljótlega eftir það og flaug til Namibíu 9. nóvember 1993 ásamt bróður mínum sem ráðinn var netagerðarmaður og Ásmundi Þóri Ólafssyni, stýrimanni, sem enn starfar í Afríku.

Við flugum frá Keflavík til Englands, þaðan til Windhoek höfuðborgar Namibíu og til Luderitz. Við vorum allir ráðnir á sama skipið, Jakob Marengo, fyrsta mánuðinn, en það var fyrsti togari fyrirtækisins,“ segir Skúli.

Bærinn Luderitz er í eyði-

mörk út við sjóinn og þar er lítið nema sandur og klettur. „Þegar við komum til Luderitz leist okkur ekkert of vel á staðinn við fyrstu sýn. Mér fannst skrítið að það var mikið af vopnuðum lögreglumönnum hvert sem lítið var. Við vorum svo fáfróðir að halda að þetta væri venjulegt ástand og spurðum ekkert frekar út í það. Síðan fréttum við löngu seinna að einmitt þennan dag, höfðu innfæddu verkamennirnir gert uppsteyt og m.a. tekið einn skrifstofumann fyrirtækisins og haldið honum fyrir utan skrifstofubyggingu Seaflower með hníf við hálsinn,“ segir Skúli.

Fyrirtækið sem Skúli vann hjá hafði áður verið í humarvinnslu og var að byrja í togaraútgerð. Þessi átök voru m.a. vegna samdráttar í humarveiðum, en það var verið að draga úr kvóta sem þýddi minni vinnu. Þegar menn fóru til að ná í launin sín eins og venjulega fréttu þeir að ekki ætti að byrja humarvinnslu fyrr en eftir marga mánuði og því varð uppsteytur sem endaði með þessum ósköpum.

### Alltaf hægt að snúa aftur

Skúli og Jóhanna segjast hafa verið búin að búa sig undir að þarna væri margt öðruvísi

og höfðu hugsað sér að ef eitthvað klikkaði, gætu þau alltaf snúið aftur. Þau segja það hafi verið þó nokkuð mikið mál að fara með þetta stóra fjölskylda á stað þar sem fáir vissu hvernig hlutirnir gengu fyrir sig. „Þegar við komum var ein íslensk fjölskylda á staðnum og það var fjölskylda framkvæmdastjórans. Að vonum sagði hann já og amen við öllum okkar spurningum því hann vildi ráða fólk til sín. Það stóðst þó það sem hann sagði og allt gekk þokkalega, enda hefðum við ekki framlengt dvölina ef hlutirnir hefðu ekki gengið upp,“ segir Jóhanna.

Skúli fór í fyrsta túrinn 3. desember 1993 sem stýrimaður. „Skipstjóri var Magnús Þórarinsson en hann hafði áður unnið hjá Þróunarsamvinnustofnun. Hrólfur bróðir minn var bátsmaður og stýrimaðurinn sem fór með mér út var annar stýrimaður. Við vorum ágætlega mannaðir miðað við það sem varð svo seinna, en í þessum túr vorum við sex Íslendingarnir og 24 svertlingar. Seinna áttum við svo eftir að prófa að vera jafnvel ekki nema 2-3 Íslendingar um borð í einu, sem auðvitað var allt of lítið. Við komum í land 24. desember í steikjandi hita og sól. Okkur var boðið í mat til framkvæmdastjórans um







Ágúst:

## 133 milljónum króna lægra

Í byrjun ágúst voru opnuð hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, tilboð í gerð snjóflóðavarna fyrir ofan Flateyri. Kostnaðaráætlun hönnuða hljóðaði upp á kr. 372.741.150.- og var lægsta tilboðið rúmum 133 milljónum króna lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Það kom frá Klæðningu hf., og hljóðaði upp á kr. 239.568.000. Framkvæmdastofnun mælti með því að tilboðinu yrði tekið. Sex verktakar buðu í verkið.

## Nýr framkvæmdastjóri

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ákvað í ágúst að ráða Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóra í Grindavík, sem framkvæmdatjóra Fjórðungssambandsins í stað Eiríks Finns Greipssonar, sem ráðinn var sparissjóðsstjóri Sparisjóðs Öfundarfjarðar í stað Ægis Hafberg. Tíu umsóknir voru um starfið. Halldór er fæddur og uppalinn í Ögri við Ísafjarðardjúp og var því kominn á heimaslóðir á ný.

## Fékk styrk frá danska ríkinu

Í ágúst greindi blaðið einnig frá því að ungum ísfirskum gullsmíði, hefði verið veittur styrkur frá danska ríkinu fyrir framúrskarandi árangur í gull og silfursmíði. Umræddur Ísfirðingur er Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir og voru það Margrét danadrottning og Henrik prins sem afhentu henni styrkinn. Guðbjörg Kristín hóf sitt nám hjá Dýrfinnu Torfadóttur í Gullauganu á Ísafirði.

## Grunaður um kynferðislega misnotkun

Undir lok ágúst var lögð fram kæra hjá lögreglunni á Ísafirði á hendur karlmanni á fertugsaldri í Ísafjarðarbæ, vegna gruns um kynferðislega misnotkun gagnvart teimur ungum börnum. Það voru mæður barnanna, fjögurra ára stúlku og tveggja ára drengs, sem lögðu fram kæru á hendur manningum. Maðurinn hafði áður komið við sögu hjá lögreglunni, þó ekki vegna afbrota sem hann var ákærður fyrir.

September:

## Forsetinn í heimsókn

Í fyrsta tölublaði september mánaðar sagði blaðið frá fyrstu opinberu heimsókn forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar og eiginkonu hans, Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur til norðanverðra Vestfirðja. Heimsókn forsetahjón-

anna stóð yfir í fjóra daga og var þeim vel tekið á öllum þeim stöðum sem þau fóru um. Voru Vestfirðingar ánægðir með að forsetinn skyldi velja norðanverða Vestfirði til sinnar fyrstu heimsóknar, en eins og kunnugt er, er forsetinn fæddur og uppalinn á Ísafirði.

## Framkvæmdir við nýjan miðbæ

Framkvæmdir við nýjan miðbæ á Ísafirði hófust í byrjun september. Efnt var til hönnunarsamkeppni á meðal arkitekta um nýja ímynd miðbæjarins á Ísafirði og varð tillaga Pálmars Kristmundssonar, arkitekts fyrir valinu. Til fyrsta áfanga verksins, sem ráðgert var að klára á haustmánuðum, voru ráðgerðar 10-15 milljónir króna. Unnið verður áfram við verkið í vor og ræðst framkvæmdahraðinn af þeim fjárumunum sem veittir verða til verksins.

## Fegurstu garðar Ísafjarðarbæjar

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar ákvað í september að veita eigendum fjögurra garða í sveitarfélaginu viðurkenningar fyrir framúrskarandi umhirðu. Þeir garðar sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni og teljast því fegurstu garðar sveitarfélagsins voru að Aðalgötu 21 á Suðureyri, en sá garður er í eigu Ásdísar Friðbertsdóttur, Brimnesvegur 26 á Flateyri, sem er í eigu Unu Friðriksdóttur, Aðalstræti 23 á Þingeyri, sem er í eigu hjónanna Guðrúnar Markúsdóttur og Skarphéðins Njálssonar og Smiðjugata 1 á Ísafirði, sem er í eigu þeirra Aðalheiðar Sigurðardóttur og Bárðar Grímssonar.

## Jarðgöngin opnuð

Samgönguráðherra, Halldór Blöndal, opnaði í september, jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiði, formlega fyrir almennri umferð. Fjölmargir gestir voru viðstaddir hátíðlega athöfn sem fór fram við gangamunnan í Tungudal, þeirra á meðal þingmenn Vestfirðinga, fulltrúar þeirra verktaka sem stóðu að framkvæmdunum, sveitarstjórnarmenn og aðrir gestir.

Október:

## Eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtækið

Í byrjun október greindi blaðið frá því að stjórnir fjögurra sjávarútvegsfyrirtækja á norðanverðum Vestfirðum, hefðu samþykkt tillögur um sameiningu fyrirtækjanna.



# Fréttannaáll Bæjarins besta — síðari hluti —

Fyrirtækin sem hér um ræðir eru Básafell hf., Togaraútgærd Ísafjarðar hf., og Ritur hf., á Ísafirði og Útgerðarfélagið Sléttanes hf., á Þingeyri. Við sameiningu fyrirtækjanna fjögurra varð til eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins.

## Múlabergið strandaði

Togarinn Múlaberg frá Ólafsfirði tók niðri í Sundunum, á mótis við Ísafjarðarflugvöll í byrjun október. Sökum hvassviðris reyndist ekki unnt að losa skipið fyrr en eftir þrjár klukkustundir, þrátt fyrir nokkrar tilraunir hafnsögubátsins Þyts. Togarinn losnaði síðan af eigin rammleik. Mjög hvasst var á Ísafirði þennan dag og fór vindhraðinn mest upp í 82 hnúta á Ísafjarðarflugvelli.

## Norðurtangiinn sameinast Básafelli

Í október var tekin ákvörðun um að Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf., á Ísafirði myndi sameinast hinu nýja sjávarútvegsfyrirtæki á Ísafirði, Básafelli hf. Með sameiningunni var hið nýja fyrirtæki komið með kvóta upp á rúm 9.000 þíg.tonn, en með Norðurtanganum komu tæp 3.000 þíg.tonn. Áætlað var að hið nýja fyrirtæki yrði sjötta kvótamesta fyrirtæki landsins eftir sameininguna.

## Snjóflóðanna minnst

Undir lok október var þess minnst á Flateyri að eitt ár var liðið frá því snjóflóðið mikla féll á byggðina með þeim afleiðingum að 20 íbúar staðarins fórust. Haldin var minningarstund í Flateyrarkirkju, afhjúpaður var minnisvarði um þá sem fórust auk þess sem kynþarstund fór fram í kirkjunni. Að henni lokinni fleyttu íbúar Flateyrar ljósum á Lóninu til minningar um liðinn atburð.

Nóvember:

## Flateyrarkirkja 60 ára

Í byrjun nóvember héldu Flateyringar upp á það, að sextíu ár voru liðin frá því kirkja staðarins var vígð.



Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, predikaði við afmælisgudþjónustu í Flateyrarkirkju og blessaði síðan safnaðarheimili í nýrri viðbyggingu kirkjunnar. Fjölmenni var viðstatt afmælishátíðina.

## Bakki sameinast Bakka

Í nóvember greindi blaðið frá því að í undirbúningi væri sameining fyrirtækjanna Bakka hf., í Hnífsdal og Bakka Bolungarvík hf. Sameiningin var hluti af hagræðingaraðgerðum fyrirtækisins. Aðabjörn Jóakimsson, framkvæmdastjóri Bakka, sagði í samtali við blaðið á þessum tíma að ýmsar fleiri breytingar væru á döfinni hjá fyrirtækinu, sumar hefðu

litið dagsins ljós en aðrar ekki.

## Fyrsta nýsmíðaverkefnið í sjö ár

Árla laugardagsmorgunn einn í nóvember, var fyrsta nýsmíðaverkefni Skipasmíðastöðvarinnar hf., á Ísafirði í sjö ár, hleypt af stokkunum að viðstöddum eigendum skipsins og starfsmönnum stöðvarinnar. Hér var um að ræða 30 tonna rækjubát, Sandvík, sem gert er út frá Sauðárkróki. Við athöfnina var þess getið að næg verkefni væru framundan hjá Skipasmíðastöðinni og í burðarliðnum væri samningsgerð um smíði á nýju skipi.

## Nýtt stjórnskipulag Ísafjarðarbæjar

Undir lok nóvember samþykkti bæjarráð Ísafjarðarbæjar nýtt stjórnskipulag sveitarfélagsins. Samkvæmt hinu nýja stjórnskipulagi, var stjórn-sýslunni skipt upp í sex svið, stjórn-sýsluvið, fjárreiðu- og áætlunarsvið, félagsþjónustusvið, fræðslu- og menningarsvið, umhverfissvið og hafnar-málasvið. Yfirmenn framangreindra sviða eru þau Þórir Sveinsson, fjármálastjóri, Jón Tynes, félagsmálastjóri, Rúnar Vífilsson, skóla- og menningarfulltrúi, Ármann Jóhannesson, bæjarverkfræðingur, Hermann Skúlason, hafnarstjóri og Þórunn Gestsdóttir, sem er aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Desember:

## Tvær fjöl- skyldur fengu 46 milljónir

Tvær fjölskyldur á Ísafirði urðu rúmlega 46 milljónum króna ríkari þegar dregið var í heita potti Happraðttis Háskóla Íslands. Þetta er hæsti vinningur sem fengist hefur í Happraðtti Háskóla Íslands og næst hæsti vinningur sem borgaður hefur verið út hér- lendis. Eigendur trompmiða fengu 32,6 milljónir króna í sinn hlut og eigendur tvöfalda miða fengu 13,5 milljónir króna. Eigendur lægri vinn- ingsins reyndust vera þau Redy Svandís Valdimarsson og Össur Pétur Valdimarsson en enn er ekki vitað hverjir eru eigendur 32,6 milljónanna.

## Nýr leikskóli vígður

Nýr leikskóli var vígður á Flateyri í desember. Leik- skólinn, sem gefið var nafnið, Grænigarður, kostaði fullfrá- genginn um 40 milljónir króna, en söfnunarfé frá Færeyingum var lagt til nýbyggingarinnar ásamt gjafafé frá Kiwanis- hreyfingunni. Leikskólinn tekur 40 börn en fyrst um sinn var áætlað að 29 börn yrðu í skólanum. Á efri hæð hússins átti að verða rekin félagsstarf- semi fyrir börn og unglinga á grunnskólaaldri.

## Lá kaldur og hrakinn

Ökumaður bifreiðar sem sér um ferðir á milli Þingeyrar og Ísafjarðar, lá á fimmtu klukkustund í snjó og kulda eftir að bifreið hans fór út af veginum yfir Gemlufallsheiði. Bifreiðin mun hafa farið nokkrar veltur áður en hún stöðvaðist um 50-60 metrum fyrir neðan veg- kantinn. Það var ökumaður annarar bifreiðar, sem einnig fór út af veginum á sama stað, sem tilkynnti um slysið. Mjög hvasst var á þessum slóðum á þessum tíma og mikil hálsa.

## Vínveitinga- staður á Suðureyri

Söluskálinn Essó á Suður- eyri, færði út kvíarnar í des- ember með opnun nýs sals sem rúmar um þrjátíu manns í sæti. Með tilkomu hans var þjón- ustan aukin og býður sölus- kálinn nú upp á pizzur, léttar steikur auk vínveitinga. Íbúar á Suðureyri kunnu vel að meta þessar breytingar og var fjöl- menni við opnun salarins.

**Auglýsingasími Bæjarins besta er 456 4560**



Reykjanes við Ísafjarðardjúp

# Tilboð í húseignir opnuð á morgun

Tilboð í húseignir Hér- aðsskólans í Reykjaur nesi við Ísafjarðardjúp verða opnuð 16. janúar n.k. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum þá höfðu borist einhverjar fyrir- spurnir um eignirnar en ekki höfðu borist eiginleg tilboð. Algengt er að

menn mæti með tilboðin með sér eða senda þau sama dag og opnun fer fram. Fasteignamat eign- ana mun vera um 60 milljónir króna en bæði var auglýst eftir kaup- og leigutilboðum. Ekki er um ásett verð að ræða og fer það væntanlega eftir

staðsetningu og eftirspurn eins og það var orðað hjá Ríkiskaupum. Eignirnar sem eru til sölu saman- standa af; 6 íbúðum, heimavistarhúsnæði, kennslustofum, mötu- neyti, sundlaug o.fl.

## Tvö ár frá því snjóflóð féll á Súðavík

# Atburðanna ekki minnst sérstaklega

Á morgun, fimmtu- daginn 16. janúar, eru tvö ár liðin frá því snjóflóðið mikla féll á byggðina í Súðavík, með þeim afleiðingum að fjórtán manns fórust, sex full- orðnir og átta börn. Ágúst Kr. Björnsson, sveitarstjóri í Súðavík sagði í samtali við blaðið á mánudag, að ekki hefði

verið tekin nein ákvörðun um að minnast atburð- anna sérstaklega í ár, það hefði verið gert á síðasta ári, þegar eitt ár var liðin frá því hörmungarnar dundu yfir byggðarlagið. Þann 16. janúar á síðasta ári söfnuðust bæjarbúar við kaupfélagið á stað- um, gengu í blysför um plássíð og lögðu kertaljós

við grunna þeirra húsa sem eyðilögðust í flóðinu. Þá var haldið að auðu svæði við pósthúsið í Súðavík, þar sem fram fór bænastund og látinna var minnst. Síðar um kvöldið fór fram minningarstund í Súðavíkirkirkju sem og í Dómkirkjunni í Reykjavík.



Frá minningarathöfninni sem haldin var í Súðavík fyrir ári síðan.

## Gallerí Slunkaríki

# „Súrefnisveggur“ Haraldar

Á laugardaginn kemur kl. 16, opnar Haraldur Jónsson, myndlistarmaður sýningu í Slunkaríki á Ísafirði. Á sýningunni mun Haraldur sýna verk sitt „Súrefnisveggur“, sem er sérstaklega unnið fyrir sal Slunkaríkis, með staðhætti og nánasta umhverfi í huga.

Haraldur Jónsson er fæddur í Finnlandi árið 1961. Hann lagði stund á myndlistarnám í Reykjavík og í Dusseldorf í Þýskalandi á árunum 1984-1990 og hefur haldið fjölda sýninga á verkum sínum undanfarnin tíu ár. Sýning Haraldar í Slunkaríki er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 16-18 og lýkur henni 2. febrúar nk.

## Ísafjarðarbær

# Funi aftur í gang

Nú líður að því að sorpbrennsla hefjist aftur í sorpeyðingarstöðinni Funa, en viðgerðir hafa staðið yfir þar að undanföru vegna skemmda sem hlutust af snjóflóðinu í október 1995.

Þorlákur Kjartansson, stöðvarstjóri, segir að brennsla sorps geti hugsanlega hafist í næstu viku svo fremi að eitthvað óvænt komi ekki upp. Húsið hefur verið sérstaklega styrkt með tilliti til snjóflóða, m.a. stálgrind og gluggar. Teiknivinna vegna snjóflóðavarna er í vinnslu en Þorlákur gat ekki sagt til um hvenær áætlað væri að framkvæmdir við þær myndu hefjast. Fimm manns munu starfa í Funa þegar brennsla hefst.

## Bolungarvík


# Innbrot í Víkurbæ

Aðfaranótt 8. janúar s.l. var brotist inn í félagsheimilið í Bolungarvík þar sem skemmtistaðurinn Víkurbær hefur verið til húsa. Brotinn var rúða í eldhúsi og í bakdyrum ásamt því að skemmdir voru unnar á neyðarútgang. Aðrar skemmdir voru óverulegar en hvolfst hafði verið úr ruslapokum bakatil í húsinu þannig að aðkoma eigenda var óskemmtileg. Þjófarnir höfðu á brott með sér eitthvað af áfengi en létu annað í friði eftir því sem best var séð. Blóðslóð lá um húsið þegar lögregla kom á vettvang og varð því ljóst að þjófarnir höfðu skorist við rúðubrotið. Lögreglan í Bolungarvík brá skjótt við í þetta sinn og var málið leyst samdægurs og þykir það vel af verki staðið. Þarna reyndist vera um aðkomumenn að ræða sem gert höfðu sér ferð til Bolungarvíkur í þessum erindagjörðum.

## Ísafjarðarflugvöllur

# Brottfarir að næturlagi leyfðar á næstunni

Að undanföru hefur verið unnið að uppsetningu búnaðar sem nauðsynlegur er til að hægt verði að leyfa flugumferð að næturlagi frá Ísafirði. Guðbjörn Charlesson, hjá flugmála- stjórn á Ísafirði, segir að sett hafi verið upp þrjú rauð ljós í Kirkjubólshlíðinni ásamt hvítu blikkljósi á Arnarnesi. Annað slíkt verður sett upp í Hnífsdal en ekki er von á því fyrr en eftir 4-5 vikur. Ef veður leyfir verður í þessari viku byrjað að flugprófa kerfið en kanna þarf m.a. hvort ljósin trufla aðra umferð, t.d. skipaumferð. Að sögn Guðbjörns mun þetta allt taka sinn tíma en mögulega verði hægt að leyfa næturlagið í þessum mánuði eða næsta. Hann segir að eingöngu sé verið að tala um brottfarir að næturlagi en lendingar verði eftir sem áður háðar birtuskilyrðum.



Sandvík frá Sauðarkróki var hleypt af stokkunum hjá Skipasmíðastöðinni á Ísafirði í nóvember. Skipið var fyrsta nýsmíðaverkefni fyrirtækisins um sjö ára skeið. Vonir forráðamanna fyrirtækisins standa til þess að hægt verði að hefja smíði á nýju skipti fljótlega.

### Skipasmíðastöðin hf., á Ísafirði

# Viðræður í gangi um nýsmíðaverkefni

„Það hafa engir smíðasamningar verið undirritaðir en horfurnar eru ágætar. Við erum í viðræðum við nokkra aðila og ég er bjartsýnn á að við getum hafið smíði á nýju skipi innan skamms tíma,”

framsagði Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar hf., á Ísafirði, aðspurður um verkefnastöðu fyrirtækisins, en eins og kunnugt er, hleypti stöðin nýju rækjuskipi af stokkunum í nóvember, en það skip var fyrsta nýsmíðaverkefni Skipasmíðastöðvarinnar um sjö ára skeið.

„Við erum leitandi að verkefnum allt árið og höfum í dag næg verkefni fram í febrúar. Við stefnum að því að hefja smíði á nýju skipi í næsta mánuði, hvort af því verður, fer allt eftir samningsgerðinni og um hvers konar skip verður að ræða. Það er ekkert á treyst-

andi í þessum eignum en við erum sæmilega bjartsýnir á að okkur takist að undirrita samninga áður en langt um líður. Hvort það verður heilt skip eða ekki, get ég ekki sagt til um nú en við stefnum á það,” sagði Sigurður.

## Ísafjarðarflugvöllur

# Farþegum Flugleiða fjölgaði um 7% á síðasta ári

Á síðasta ári varð um 7% aukning á farþegaflutningum um Ísafjarðarflugvöll hjá Flugleiðum sem þýðir að 49.412 arðbærir farþegar hafa flogið með félaginu til og frá Ísafirði á árinu. Reyndar voru farþegarnir 50.266 að hausatölu en þá eru tekin með t.d. ungabörn og frímiðar þar sem ekki er um bókuð sæti að ræða. Að sögn Arnórs Jónatanssonar, hjá Flugleiðum á Ísafirði, héldu margir að með tilkomu nýs flugfélags myndi farþegum Flugleiða fækka á þessari leið, en raunin hafi orðið önnur því að um metár var að ræða í Ísafjarðarfluginu. Farþegar milli Akureyrar og Ísafjarðar voru 3.757 á síðasta ári.

„Veðráttan hefur haft mikið að segja um þessa aukningu og

ég get nefnt sem dæmi að í desember s.l. féll niður flug í einn dag en undanfarin ár hafa þetta verið svona 6-10 dagar í desember sem ekki hefur verið hægt að fljúga vegna veðurs. Jarðgöngin hafa einnig hjálpað til að því leyti að þegar ekki reynist unnt að fljúga til Ísafjarðar þá er oft opið til Þingeyrar en í þeim tilfellum öllum við farþegum okkar á milli í gegnum göngin.“ Arnór segir að einhver samdráttur hafi orðið í fragtflutningum og telur hann skýringuna að einhverju leyti vera þá ákvörðun Pósts og Síma að flytja póst landleiðina. Flugleiðir flytja þó enn póst fyrir Þingeyri, Flateyri og Suðureyri og námu fragt- og póstflutningar félagsins um 306,4 tonnum á árinu.



Ísafjarðarflugvöllur.

# Útsalan

hefst fimmtudaginn kl. 10:00

## Dúndur afsláttur

# 40% - 50%

20% afsláttur af öllum úlpum og útigöllum



Ljóniney, Skeiði, sími 456 4 070

# Dúndur útsala

40% til 60% verðlækkun

hefst kl. 10:00 fimmtudaginn 16. janúar

30% verðlækkun af öllum kápum og ullarjökkum







UM HELGINA

ÍSAFJARÐARBÍÓ



Ransom

Fimmtudag kl. 21:00  
Sunnudag kl. 21:00  
Mánudag kl. 21:00  
Þriðjudag kl. 21:00

Diskótek

Föstudags- og laugardagskvöld  
til kl. 03:00

18 ára  
aldurstakmark



Hefur þú prófað  
okkar vinsælu hálfmána  
með skinku og aspasyfillingu

Ostafylltir pizzubarmar  
Tvær bragðtegundir

- endalausar pizzur

Arnar G. Hinriksson hdl.  
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fast-  
eignir á Vestfjörðum.  
Allar nánari upplýsingar  
á skrifstofu.

Stýrimaður óskast

Stýrimaður óskast á 116 rúmlesta togbát,  
sem gerður er út frá Bolungarvík. Framtíðar  
starf.

Upplýsingar í sínum 853 4754, 456 7441,  
456 7440 og 456 7293.

Birnir ehf.  
Þurðarbraut 11, Bolungarvík



ÍSAFJARÐARBÆR

LIDVEISLA

Óskað er eftir starfsfólki til liðveislu  
fyrir fatlaða. Um er að ræða hlutastörf  
á ýmsum tímum dagsins.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að  
starfa með fötluðu fólki.

Upplýsingar gefur félagsmálastjóri  
í síma 456 3722.

HEIMILISÞJÓNUSTA

Óskað er eftir starfsmanni við  
heimilisþjónustu. Starfið er þáttur í  
öldrunarþjónustu Ísafjarðarbæjar.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi  
áhuga á öldrunarþjónustu og eigi  
auðvelt með að vinna þjónustustörf.

Upplýsingar gefur félagsmálastjóri  
í síma 465 3722.

VAGNINN

FLATEYRI • SÍMI 456 7751

Þorrahlaðborð

Þorrinn er framundan  
Í ár væri tilvalið að þreyja  
þorrann í Vagninum með  
rammíslenskum hætti

Reykt sviðasulta - súr	Soðin svið
Nýr blóðmör	Harðfiskur
Ný sviðasulta	Flatkökur
Súr lifrarpylsa	Kartöflumús
Síldarsalót	Pottréttur
Rófustappa	Reykt svið
Bringukollar	Hrútsprungar
Ný lifrarpylsa	Hangikjöt
Hákarl	Saltkjöt
Súr blóðmör	Hveitikökur
Rúgbrauð	Uppstúf
Smjör	Hvalrengi (ef til er)
Lundabaggi	

Verð kr. 2.900,- pr. mann  
miðað við hlaðborð og ball

Eins rammíslenskt  
og hægt er að hafa það

Borðapantanir teknar niður  
í síma fram til 31. janúar

Ath! Staðfestingargjald kr. 1.500,- pr.  
mann fyrir hópa stærri en 20 manns

Vagninn - alltaf fremstur

Ps. Munið Vegas kvöld á Vagninum  
17. og 18. janúar  
20 ára aldurstakmark

Miðaverð kr. 1.000,- fyrir konur og karla

Þakkir

Öllum sem glöddu mig á áttæðisafmæli  
mínu 3. janúar sl. með hlýjum kveðjum,  
heimsóknnum, góðum gjöfum og ómetanlegri  
aðstoð, færi ég mínar innlegustu þakkir og  
bestu óskir um gott gengi á nýbyrjuðu ári.

Martha Árnadóttir  
Engjavegi 22, Ísafirði

Félagsheimili - útgerðir  
fyrirtæki og stofnanir

Núna er tilboðsmánuður

Bólstrun Vestfjarða

Þuðurtanga 2, Ísafirði • Sími 456 3470

Spilakvöld

Spiluð verður félagsvist í Sjallanum laug-  
ardaginn 18. janúar nk. kl. 20:30.

Glæsileg verðlaun.

Íbúar Ísafjarðarbæjar! Látið ykkur ekki  
vanta í fjörið í spilamennskunni á laugardags-  
kvöldið.

Mætum tímanlega.

Sjálfstæðiskvennafélag Ísafjarðar.



# ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

# Bæjarins besta



Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Milljónatugir féllu á Súðavíkurrepp vegna uppkaupa húsa

## Hreppurinn ráðgerir að sækja um fyrirgreiðslu frá Ofanflóðasjóði

Þrjátíu og sjö milljónir króna féllu á Súðavíkurrepp um síðustu áramót vegna uppkaupa húseigna í gömlu Súðavík. Um er að ræða 10% af uppkaupsverði húseignanna, sem sveitarfélaginu ber skylda til að standa skil á samkvæmt lögum um Ofanflóðasjóð. Heildarupp-

kaupin í Súðavík hljóða upp á 470 milljónir króna, en gengið hafði verið frá kaupum fyrir um 370 milljónir um síðustu áramót. Að sögn Ágúst Kr. Björnssonar, sveitarstjóra í Súðavík, ráðgerir hreppurinn að sækja um fyrirgreiðslu hjá Ofanflóðasjóði til að geta

staðið við skuldbindingar sínar, og brúa tímabilið þar til laga-breytingarnar hafa verið samþykktar á Alþingi.

„Þeir aðilar hjá hinu opinbera sem ég hef átt erindi við vegna þessa máls hafa hengt sinn hatt á lagabreytinguna á frumvarpinu um varnir gegn



Frá Súðavík. Súðavíkurreppur tók á sig 37 milljónir króna um áramót vegna uppkaupa húseigna í gömlu Súðavík. Hreppurinn ráðgerir að sækja um fyrirgreiðslu til Ofanflóðasjóðs til að geta gert upp við húseigendur á staðnum.

snjóflóðum og skriðuföllum, sem kynnt var á Alþingi fyrir

jól og því féllu 10% af uppkaupsverðinu á hreppinn um áramót. Að vísu er framvindan aðeins orðin 370 milljónir króna og því voru það 37 milljónir sem hreppurinn varð að taka á sig vegna þessa máls,” sagði Ágúst Kr. Björnsson í samtali við blaðið.

Ágúst sagði að breytingar á umræddu frumvarpi færu væntanlega ekki fyrir Alþingi fyrr en í febrúar eða byrjun mars og yrði því ekki orðið að lögum fyrr en í apríl. „Við höfum því sótt um fyrirgreiðslu hjá Ofanflóðasjóði til að brúa þetta

tímabil, með ósk um að lagabreytingin á frumvarpinu muni taka til þessa láns eins og lofað var á fundi sem haldinn var á Ísafirði. Um leið og við fáum þessa fyrirgreiðslu, getum við farið að gera upp við eigendur húseigna á staðnum, en eins og kunnugt er áttu þeir að fá uppgert á gamlársdag,” sagði Ágúst.

Ágúst sagðist vera bjartsýnn á að niðurstaðan yrðu hreppnum í hag, en ef svo yrði ekki, yrðu þær yfirlýsingar skoðaðar nánar, sem gefnar voru vegna þessa verkefnis.



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Læknar þaðan hafa þjónað Bolvíkingum frá því héraðslæknir hætti þar störfum.

## Samstarf í heilsugæslumálum á Vestfjörðum

## Niðurstöðu að vænta innan skamms

Stjórnir heilsugæslustöðva á norðanverðum Vestfjörðum samþykktu s.l. haust að gerð yrði könnun og úttekt á hagkvæmni þess að heilsugæslustöðvar á svæðinu þ.e. Bolungarvík, Ísafjörður, Flateyri og Þingeyri myndu bindast formlegu samstarfi. Kannaðir yrðu kostir þess og gallar, fjárhagsleg hagkvæmni, mönnunarþættir og möguleikar á rekstrarfyrirkomulagi.

Í framhaldi þessarar samþykktar fól Heilbrigðis- og

tryggingamálaráðuneytið Hagsýslu ríkisins að skila skýrslu um málið og vinna verkefnið í nánnum tengslum við bæjarstjórnir Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur og stjórnendur ofangreindra heilbrigðisstofnana.

Í samtali við Ólaf Kristjánsson, bæjarstjóra og framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvarinnar í Bolungarvík, kom fram að tveir aðilar frá Hagsýslu ríkisins hefðu komið til viðræðna við heimamenn í nóvember 1996 og væri verið að vinna að skýrslugerð sem

væntanlega yrði lokið við á næstu dögum.

Ólafur sagði að óska staða Bolvíkinga væri sú að í Bolungarvík yrðu búsettir tveir læknar sem jafnframt hefðu starfsaðstöðu við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Óshlíðin væri engin fyrirstaða fyrir slíkri tilhögun, t.d. hefði Óshlíðin aðeins verið lokað fjóra daga á árinu 1995. Sólarhrings vakt-skylda eins læknis væri með öllu óviðunandi og því nauðsynlegt að eiga gott samstarf í þessu mikilvæga byggðamáli, þ.e. að hafa heilbrigðisþjónust-

una ávallt sem besta og starfsaðstöðu aðlaðandi fyrir lækna.

Bolvíkingar hafa nú ekki fastan lækni að störfum en Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, heimilislæknir, kemur til starfa í byrjun ágústmánaðar n.k. Læknar á Ísafirði hafa sinnt þjónustu við Bolvíkinga og vildi Ólafur koma á framfæri þakklæti til þeirra fyrir velvilja og skilning við að leysa tímabundinn vanda Bolvíkinga með því að brúa bilið þar til Guðbjörg kemur til starfa.

## Aflamark ísfirskra skipa

## Á uppleið eftir mögur ár

Aflamark ísfirskra skipa í botnfiski er 139 tonnum minna á núverandi fiskveiðiári en var fyrir tólf árum. Árið 1985 nam aflamarkið 15.353 tonnum en er í dag 15.214 tonn. Á framangreindu tímabili var aflamarkið hæst árið 1987 eða 17.427 tonn en lægst fiskveiðiárið 1994-1995 eða 10.504 tonn.

Árið 1986 var aflamark ísfirskra skipa í botnfiski 16.361 tonn, árið á eftir var það komið í 17.427 tonn, árið 1988 í 16.727 tonn, árið 1989 var það 16.594 tonn og árið 1990 var það 16.168 tonn. Árið 1991 fór aflamarkið niður í 11.728 tonn en jókst um 2.663 tonn árið á eftir og en þá var

heildaraflamarkið 14.391 tonn. Síðan þá hefur aflamark ísfirskra skipa farið minnkandi ef undanskilin eru tvö síðustu fiskveiðiári.

Aflamark í úthafs-rækju hefur hins vegar aukist um 4.816 tonn frá árinu 1991 en þá var það 1.105 tonn. Mest var það fiskveiðiárið 1996-1996 eða 6.533 tonn en á yfirstandandi fiskveiðiári er aflamark í úthafs-rækju 5.921 tonn. Svarar það til um 10% af heildaraflamarki íslenskra skipa á úthafs-rækju. Hlutfall aflamarks ísfirskra skipa í botnfiski er á yfirstandandi fiskveiðiári um 5% af heildaraflamarki íslenskra skipa.



Fyllum Jakann!

KFÍ - Breiðablik

Föstudaginn 17. janúar kl. 20:00

Fyllum Jakann!



HAMRABORG EHF.